


**skoðun** 12

## 2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Fasteignir.is




## Hollywood sefur ekki Þótt
*Íslendingar hafi tekið sér frí um helgina héldu dugnaðarforkarnir í Hollywood áfram að mæta til vinnu.*
**popp** 24




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Þriðjudagur**
**7. ágúst 2012**
183. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Gerðum þetta bara sjálf
*Tónlistarhátíð unga fólksins fagnar fimm ára afmælinu.*
**tímamót** 18

## Sýnir í Sjanghæ
*Egill Bjarki Jónsson er með ljósmyndasýningu í Sjanghæ.*
**popp** 34



## Ásdís ætlar sér í úrslit
*Ásdís Hjálmsdóttir segir raunhæft að komast í úrslit í spjótkastskeppni kvenna.*
**sport** 28

# Vilja að sinfónían og óperan greiði tvöfalt hærri húsaleigu

**Stjórnendur Hörpu vilja hækka leigu Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Íslensku óperunnar um samtals 100 prósent. Ríkissjóður og Reykjavíkurborg þurfa að fjármagna þá hækkun. Dugar ekki fyrir rekstrartapi.**

**STJÓRNSÝSLA** Stjórnendur Hörpu vilja að greiðslur frá Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslensku óperunni vegna nýtingar þeirra á aðstöðu í húsinu verði hækkaðar úr 170 milljónum króna á ári í 341 milljón króna. Með því á að bæta rekstur hússins.

Stjórnendur sinfóníuhljómsveitarinnar segja hins vegar að hljómsveitin geti ekki skuldbundið sig til greiðslu hærra gjalds nema með því að framlög til rekstraraðila hennar verði hækkuð. Þeir aðilar sem greiða kostnað við hljómsveitina eru ríkissjóður (82 prósent) og Reykjavíkurborg (18 prósent). Þetta er meðal þess sem kemur fram í úttekt KPMG á rekstri og skipulagi Hörpu sem unnin var fyrir eigendur hússins, ríkissjóð og Reykjavíkurborg. Fréttablaðið hefur hana undir höndum.

Rekstraráætlun Hörpu gerir ráð fyrir að rekstrartap hennar verði 407 milljónir króna á þessu ári. Það er til viðbótar við þann tæpa milljarð króna sem ríki og borg leggja húsinu til vegna greiðslu á lánum. Í úttektinni kemur fram að stjórnendur Hörpu hafi fyrst og fremst horft til lækkunar fasteignagjalda og hækkunar á leigu Sinfóníuhljómsveitarinnar og Íslensku óperunnar til að draga úr fjárþörf sinni. Nú sé hins vegar ljóst að fasteignagjöld lækka ekki. Auk þess segir í úttektinni að hækkun leigu muni hjálpa „en ekki koma í veg fyrir viðvarandi fjárþörf“.

> **170** milljónir er sú upphæð sem sinfónían og óperan greiða árlega í leigu.

Þjónustu- og leigusamningur gerir ráð fyrir því að Íslenska óperan greiði 48 milljónir króna á ári. Sá samningur var gerður í september 2010. Stjórnendur Hörpu vilja að sú upphæð hækki í 82 milljónir króna.

Sinfóníuhljómsveit Íslands greiðir 122 milljónir króna til Hörpu vegna leigu og þjónustu. Samningurinn var gerður árið 2007. Stjórnendur Hörpu telja hækkun á hluta kostnaðar til hljómsveitarinnar „eitt af lykilatriðunum sem stjórnendur Hörpu hafa lagt áherslu á til að draga úr hallarekstri“. Í fráviksáætlun þeirra er gert ráð fyrir ríflega tvöföldun leigu- og þjónustusamningsins úr 122 milljónum króna á ári í 259 milljónir króna. Sú upphæð þarf að koma frá rekstraraðilum hljómsveitarinnar, íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg. Þeir eru sömu aðilar og eiga húsið. **-þsj / sjá síðu 8**

## veðrið í dag




**SKÝJAÐ V-TIL** Í dag má búast við SV-átt, víða 3-8 m/s en heldur hvassara verður NV-til. Nokkuð bjart SA- og A-til en skýjað vestan til og súld á stöku stað. Hiti á bilinu 12-18°C, hlýjast inn austan til.
**VEÐUR** 4



**VESTMANNAEYJUM Í GÆR** Þúsundir gesta yfirgáfu Vestmannaeyjar í gær eftir að formlegri dagskrá Þjóðhátíðar lauk aðfaranótt mánudags. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Aldrei fleiri fíkniefnamál komið upp á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum:

# Þrjár nauðganir kærðar á Þjóðhátíð

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Vestmannaeyjum hefur þrjár nauðganir til rannsóknar eftir Þjóðhátíðina sem lauk aðfaranótt mánudags. Þá kom metfjöldi fíkniefnamála upp á hátíðinni.

Á laugardagsmorgun kærði átján ára gömul stúlka nauðgun en hún var í kjölfarið flutt á neyðarmóttöku fórnarlamba nauðgana í Reykjavík. Tuttugu og tveggja ára gamall karlmaður var handtekinn á laugardagskvöld grunaður um verknaðinn en honum var sleppt úr haldi eftir skýrslutöku. Hann neitaði sök.

Á sunnudagskvöld kærði sautján ára gömul stúlka nauðgun og á mánudagsmorgun gerði 27 ára gömul kona slíkt hið sama. Var tekið á móti þeim báðum á neyðarmóttöku nauðgana í Vestmannaeyjum og þær síðan fluttar til Reykjavíkur á neyðarmóttökuna þar.

Konurnar gátu í öllum tilvikum gefið lýsingu á mönnunum sem nú eru grunaðir í málunum. Öll brotin þrjú áttu sér stað í Herjólfsdal.

Þá komu upp 52 fíkniefnamál á Þjóðhátíð og hafa þau aldrei verið fleiri. Til samanburðar komu 37 slík mál upp í fyrra og 32 árið 2010.

Loks hafa átta líkamsárásarmál verið kærð til lögreglu, þar af tvö mjög alvarleg. Í því alvarlegasta var maður kýldur með þeim afleiðingum að nef og tvær tennur brotnuðu. **- mþl**

Nýstárleg notkun á heyinu:

# Hanna sessur og púða úr heyi

**HÖNNUN** Fabio Del Percio og eiginkona hans, Anna Giudice, hanna sessur og „grjóna“púða sem fylltir eru með íslensku heyi og selja í vinnustofu sinni í Bergstaðastrætinu. Hjónin fluttu hingað til lands í október eftir að hafa heimsótt Ísland nokkrum sinnum og líkar lífið vel.



FABIO DEL PERCIO

Að sögn Fabio reka forvitnir vegfarendur oft nefið inn á vinnustofu þeirra hjóna til að komast að því hvað þau eru að framleiða úr heyinu, en hugmyndina að púðunum sótti hann til uppeldisára sinna á ítölskum sveitabæ. Hönnunin hefur vakið nokkra athygli enda sérstök á allan hátt. **- sm/ sjá síðu 34**










## SPURNING DAGSINS



*Bjarni, hvernig líst ykkur á að brugga Agnesi?*

„Hún gæti orðið nýtt og ferskt belgískt sumaröl.“

Bjarni Kristófer Kristjánsson er formaður Bjórseturs Íslands að Hólum í Hjaltadal. Sú hugmynd hefur vaknað innan setursins að brugga bjóra sem kenndir yrðu við íslenska biskupa á borð við Guðmund góða og Jón Arason.

Standard Chartered sagður hafa stundað peningaþvott fyrir írönsk stjórnvöld:

# Stór banki borinn þungum sökum

**NEW YORK, AP** Fjármálaeftirlit New York-ríkis í Bandaríkjunum hefur hafið rannsókn á breska bankanum Standard Chartered vegna gruns um stórfellda ólöglega bankastarfsemi á árunum 2001 til 2007.

Er bankanum gefið að sök að hafa í samvinnu við stjórnvöld í Íran stundað peningaþvott á um 250 milljörðum Bandaríkjadala. Upphæðin jafngildir um 31.250 milljörðum króna eða um tuttugufaldri landsframleiðslu Íslands.

Líklegt er talið að Standard Chartered muni missa starfsleyfi sitt í New York í kjölfarið. Fjármálaeftirlitið telur brot bankans svo alvarleg og umsvifamikil að þau hafi ógnað stöðugleika bandaríska fjármálakerfisins og jafnvel verið ógn við heimsfrið.

Alþjóðlegt viðskiptabann er í gildi gagnvart Íran en fyrir árið 2008 voru ákveðnir fjármálagerningar við landið heimilaðir að ströngum upplýsingaskilyrðum uppfylltum. Bankinn á að hafa þverbrotið öll slík skilyrði og stundað margs konar lögbrot til þess að fela viðskiptin.

Fullyrt er að æðstu stjórnendur bankans hafi vitað af starfseminni sem fram fór í gegnum skrifstofu bankans í New York. Eiga þeir að hafa rætt um það sín á milli að endurskoða þyrfti starfsemina þar sem hún gæti valdið bankanum hræðilegum orðsporsmissi kæmist hún upp. Þá er talið að málið geti leitt til sakamálarannsókna á hendur æðstu stjórnendum bankans. **- mþl**



**LIVERPOOL** Standard Chartered er eitt stærsta fjármálafyrirtæki heims en hér á landi er það sennilega þekktast sem helsti stuðningsaðili enska knattspyrnuliðsins Liverpool. MYND/GETTY

Mikill fjöldi gesta á Ísafirði:

# Margir sóttu í mýrarboltann

**ÍSAFJÖRÐUR Mikill fjöldi sótti Evrópumeistaramótið í mýrarbolta á Ísafirði um helgina. Alls voru 1200 manns skráðir til leiks og talið er að hátt í þrjú þúsund manns hafi lagt leið sína til Ísafjarðar.**

**Lögreglan á Vestfjörðum segir helgina almennt hafa gengið vel fyrir sig. Tvær líkamsárásir hafa þó verið kærðar til embættisins, en auk þess voru tveir ökumenn teknir grunaðir um ölvun við akstur og tveir fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna. - ktg**

Dönsk skoðanakönnun:

# Fleiri vilja láta lögleiða hass

**DANMÖRK** Rétt rúmur meirihluti Dana, 51 prósent, vill lögleiða neyslu á hassi og vill að danska ríkið annist söluna, samkvæmt nýrri rannsókn Gallup.

„Ef refsiramminn er hertur leiðir það til þess að undirheimarnir harðna og almenningsálitið á neytendum verður lægra. Það breytir samt ekki fjölda neytenda,“ segir Kim Møller, aðjúnkt í Rannsóknarstofu í fíkniefnarannsóknum, í samtali við danska blaðið metroXpress. „Við lögleiðingu hryndi grundvöllur hassmarkaðarins, en neyslan yrði meiri sem gæti leitt til þess að fíkniefnaneytendum fjölgaði,“ bætir Kim Møller við. Könnunin hefur leitt til nokkurra harðra orðaskipta milli stjórnmálamanna í Danmörku. **- ktg**

## HRUNAMANNAHREPPUR

### Útafakstur við Stóru Laxá

Bíll fór út af á veginum við Stóru Laxá um helgina. Fjórir farþegar voru í bílnum og var einn maður fluttur með þyrlu til Reykjavíkur til frekari aðhlynningar. Maðurinn er ekki talinn mikið slasaður og áverkar minni en talið var í fyrstu.

# Ferðamenn bíða í röð við leiði Fischers

**Örtröð hefur myndast í kirkjugarðinum í Laugardælum þegar ferðamenn heimsækja leiði Bobbys Fischer. Ekki nema jákvætt meðan engin truflun er af, segir heimamaður. Guðmundur G. Þórarinsson vill að afmælis einvígisins sé minnst.**

**FERÐAMÁL** „Það er ekki hægt að segja annað en að það sé töluverð umferð. Það eru alltaf þó nokkrir bílar og ein til tvær rútur á dag sem koma við,“ segir Halldór Þórarinsson, sem býr að Laugardælum. Leiði Bobby Fischers er orðinn vinsæll áfangastaður ferðamanna.

Haraldur segir jákvætt að fólk komi og votti Fischer virðingu sína, á meðan það veldur ekki truflun eða ónæði. „Það hefur ekki gert það. Þetta er bara kurteist og almennilegt fólk þannig að það er ekkert nema jákvætt um þetta að segja.“



**GRAFREITURINN** Englendingur sem var hér á ferð í sumar þurfti að bíða í rúma klukkustund til að komast að leiði Fischers. Fjöldi ferðamanna stóð í biðröð til að láta mynda sig við leiðið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**GUÐMUNDUR G. ÞÓRARINSSON**

Guðmundur G. Þórarinsson skákáhugamaður hefur orðið var við þennan mikla áhuga. „Vinur bróður míns, Englendingur, var hér á ferð og langaði að fara að leiðinu. Það voru þrjár rútur á undan honum og biðröð og hann þurfti að bíða í meira en klukkutíma til að komast að. Fólk var í biðröð til að taka af sér myndir við leiðið.“

Kristján Ágúst Friðfinnsson, sóknarprestur á Selfossi, segir fjölda fólks koma við í Selfosskirkju og spyrja vegar að Laugardælum. „Frá mínum bæjardyrum séð er þessi áhugi mjög jákvæður.“

Guðmundur segir að BBC hafi valið einvígi Fischers og Spasskys sem einn af 10 merkilegustu viðburðum síðustu aldar. Það sé stórmerkilegt, þegar horft sé til þess að verið sé að bera það saman við tvær heimsstyrjaldir, kjarnorkusprengjur og rússnesku byltinguna, svo eitthvað sé tínt til. Hann saknar þess að meira sé úr því gert.

> Ferðamenn kvarta yfir því að geta ekki fengið póstkort, ekki myndir af Fischer eða Spassky eða neitt.
>
> **GUÐMUNDUR G. ÞÓRARINSSON**
> SKÁKÁHUGAMAÐUR

„Þegar ég var á ferð í Arles í Frakklandi gekk ég þar eftir einhverri götu og sá að það var mikið að gerast inni í húsasundi. Ég fór þar inn og fólkið sagði við mig að það væri álitið að van Gogh hefði skorið af sér eyrað þarna. Þarna var allt fullt af ferðamönnum og menn voru að kaupa alls konar kort og ýmislegt.“

Guðmundur telur vannýtta möguleika hér á landi, í ljósi áhuga ferðamanna á gröf Fischers. „Ferðamenn kvarta yfir því að geta ekki fengið póstkort, ekki myndir af Fischer eða Spassky eða neitt.“

Halldór segir að komið hafi til tals að koma upp einhverri aðstöðu eða sölu fyrir ferðamenn, en ekki hafi orðið af því. „Hann velur sér þennan stað á vissan hátt til að fá að vera í friði. Það væri ekki beinlínis í hans anda að ætla að fara að gera eitthvað, nema það væri þá með fullri vinsemd og virðingu þeirra sem næst honum eru.“

**kolbeinn@frettabladid.is**

Vonast eftir meiri sátt:

# Páll og Tryggvi hætta í Þjóðhátíðarnefnd

**MENNING** Þeir Páll Scheving Ingvarsson, formaður Þjóðhátíðarnefndar ÍBV, og Tryggvi Már Sæmundsson, framkvæmdastjóri ÍBV, hyggjast ekki gefa kost á sér til áframhaldandi setu í nefndinni. Var þetta tilkynnt eftir brekkusönginn í Herjólfsdal á sunnudag sem er hápunktur Þjóðhátíðar hvert ár.



**PÁLL SCHEVING INGVARSSON**

Greindi RÚV frá því í gær að þeir Páll og Tryggvi efuðust um að þeir nytu fulls trausts og velvildar samfélagsins í Eyjum til að stýra hátíðinni áfram. **- mþl**

Mikil aðsókn á Eina með öllu:

# Tíu þúsund voru á Akureyri

**AKUREYRI Mun fleiri sóttu fjölskylduhátíðina Eina með öllu á Akureyri en í fyrra. Tíu þúsund manns sóttu hátíðina í ár en það eru um 2.500 fleiri en í fyrra. Talið er að veðurblíðan hafi haft þar nokkuð að segja.**

**Mikill erill var um helgina hjá lögreglunni þó svo að fjölskylduhátíðin hafi að mestu farið vel fram. Engin stórmál komu upp og engin mál hafa enn verið kærð til embættisins eftir hátíðarhöldin. - ktg**

## SELFOSS

### Landsmótið gekk vel

Um 15 þúsund manns sóttu Ungmennafélagsmót UMFÍ á Selfossi um helgina. Mótið gekk vel fyrir sig og voru engin mál tilkynnt til lögreglunnar í tengslum við hátíðina.






Sprengja sprakk í höfuðstöðvum sýrlenska ríkissjónvarpsins í gær:

# Forsætisráðherra Sýrlands flúði land

**BEIRÚT, AP** Riyad Hijab, forsætisráðherra Sýrlands, flúði frá landinu til Jórdaníu í gær. Lýsti Hajib jafnframt yfir stuðningi við uppreisnarmennina sem barist hafa gegn stjórn Bashar al-Assad síðustu misseri.

Hajib var skipaður forsætisráðherra í júní að loknum þingkosningum sem sýrlenska stjórnarandstaðan neitaði að taka þátt í. Er hann hæstsetti embættismaðurinn í valdakerfi al-Assad til að ganga til liðs við uppreisnina.

Fjöldi embættismanna og yfirmanna í sýrlenska hernum hafa lýst yfir stuðningi við uppreisnarmennina á síðustu mánuðum og flestir flúið til Jórdaníu. Auk Hajib flúðu tveir aðrir ráðherra í sýrlensku ríkisstjórninni til Jórdaníu á mánudag.

Talsmenn al-Assads neituðu fregnunum um að Hijab hefði gengið til liðs við uppreisnarmennina og héldu því fram að hann hefði verið rekinn. Hijab staðfesti fréttirnar hins vegar í yfirlýsingu þar sem hann gagnrýndi harðlega stjórn al-Assads.

Þá sprakk sprengja á þriðju hæð höfuðstöðva sýrlenska ríkissjónvarpsins í Damaskus í gærmorgun. Byggingin skemmdist mikið í sprengingunni en enginn virðist hafa látist. Uppreisnarmenn í borginni eru taldir bera ábyrgð á sprengingunni. **- mþl**



**DAMASKUS Í GÆR** Miklar skemmdir urðu á höfuðstöðvum sýrlenska ríkissjónvarpsins þegar sprengja sprakk þar í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




# Sjónvarpið er komið á netið!

## Samsung snjallsjónvarp hjá Nova

Nova verð: **299.990 kr. stgr.** eða **12.990 kr. á mán.** í 24 mánuði.

Fæst í verslun Nova Lágmúla 9.

SAMSUNG

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

VALITOR | Kortalán

Greiðsludreifing í samstarfi við Valitor: 12.990 kr. á mánuði í 24 mánuði.
+ 320 kr. /mán. greiðsludreifingargjald. Greitt með kreditkorti.

## GENGIÐ 03.08.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 120,28 | 120,86 |
| Sterlingspund | 187,44 | 188,36 |
| Evra | 147,46 | 148,28 |
| Dönsk króna | 19,813 | 19,929 |
| Norsk króna | 19,957 | 20,075 |
| Sænsk króna | 17,781 | 17,885 |
| Japanskt jen | 1,5359 | 1,5449 |
| SDR | 181,08 | 182,16 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 207,1088

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

16 ára stúlka talin hafa verið numin á brott rétt hjá heimili sínu:

# Alþjóðleg leit að norskri stúlku

**NOREGUR** Ítarleg leit var gerð að 16 ára stúlku í Ósló um helgina. Stúlkan hefur enn ekki fundist og er hennar nú einnig leitað á alþjóðlegum vettvangi. Um 500 sjálfboðaliðar leituðu á landi í gær, ásamt lögregluliði og leitarhundum. Kafarar hafa leitað í vatni í nágrenninu og þyrlur leitað stúlkunnar úr lofti. Þetta kemur fram á vef norska ríkisútvarpsins.

Stúlkan, sem ber nafnið Sigrid Giskegjerde, hafði verið í heimsókn hjá vinkonu sinni á laugardagskvöldið en skilaði sér ekki heim og gerðu foreldrar stúlkunnar lögreglu viðvart í kjölfarið.

Eigur stúlkunnar, farsími, sokkar og skór fundust síðar á víð og dreif við leikskóla nokkur hundruð metrum frá heimili hennar.

Leitarhundar hafa nú rakið slóð stúlkunnar að leikskólanum, en þar endar slóðin. Flest þykir benda til þess að stúlkan hafi verið numin á brott í bifreið þaðan, gegn vilja sínum. Íbúar í grennd leikskólans segjast hafa heyrt öskur um það leyti sem stúlkan hvarf og þykir það renna stoðum undir þessa kenningu. **- ktg**



**MANNSHVARF** Í gærkvöldi bárust lögreglunni nýjar upplýsingar og fundust nærbuxur, veski og sólgleraugu í kjölfarið. Óvíst er þó hvort þessir hlutir tengist hvarfi stúlkunnar. NORDICPHOTOS/AFP

Slökkvilið kallað út:

# Eldur í skipi í Þorlákshöfn

**BRUNI Tuttugu slökkviliðsmenn voru kallaðir út í gær vegna elds í skipinu Arnari ÁR 55 í Þorlákshöfn. Skipið var mannlaust.**

**Tilkynnt var um eldinn um áttaleytið um morguninn og var búið að ráða niðurlögum hans tveimur tímum síðar. Þetta kemur fram á Rúv.is. Talið er að eldurinn hafi komið upp í rými framarlega í skipinu en ekki er vitað hversu mikið tjónið er. Níu menn eru í áhöfn skipsins og höfðu þeir verið á makrílveiðum en komið í land á fimmtudaginn. - ktg**

Herða eftirlit við landamæri:

# Innflytjendur handteknir

**GRIKKLAND** Lögreglan í Grikklandi hefur handtekið meira en sex þúsund innflytjendur í landinu undanfarna daga. Um 1.600 ólöglegir innflytjendur verða sendir úr landi á næstunni.

Nikos Dendias, ráðherra í grísku ríkisstjórninni, segir landið ekki geta staðið undir kostnaði sem fylgi innflytjendum sökum fjármálakreppunnar sem þar ríkir.

Um 88 einstaklingar voru fluttir aftur til Pakistan á sunnudag og hafa grísk yfirvöld hert gæslu við landamæli Tyrklands til muna en áttatíu prósent allra ólöglegra innflytjenda í Evrópu fara í gegnum Grikkland. **- sm**

Egypskir hermenn myrtir:

# Vakning fyrir Egyptaland

**ÍSRAEL Um fimmtán egypskir hermenn voru myrtir af óþekktum hryðjuverkahópi múslíma á Sínaí-skaga á sunnudag. Reutersfréttaveitan greindi frá þessu.**

**Ehud Barak, varnarmálaráðherra Ísraels, sagðist vona að árásin verði Egyptum vakning en hann hefur gagnrýnt egypsk stjórnvöld fyrir slakar varnir við landamærin við Ísrael. Ísraelskir hermenn skutu í kjölfarið átta vígamenn eftir að þeir reyndu að komast yfir landamærin til Ísraels. Barak nýtti einnig tækifærið og hrósaði ísraelsku hermönnunum fyrir skjót viðbrögð. - sm**

## JAPAN

### Fórnarlamba minnst

67 ár voru í gær liðin síðan Bandaríkjamenn vörpuðu kjarnorkusprengju á japönsku borgina Hiroshima. Fórnarlamba árásanna var minnst víða um heim af þessu tilefni.

# Bæjarfulltrúi ekki aðili að skuldamáli Mosfellsbæjar

**Innanríkisráðuneytið hefur vísað frá kæru bæjarfulltrúa í Mosfellsbæ vegna afgreiðslu bæjarins á 250 milljóna króna sjálfskuldarábyrgð. Bæjarfulltrúinn segist ekki trúa öðru en að umboðsmaður Alþingis snúi niðurstöðu ráðuneytisins. Með afgreiðslu sinni sé ráðuneytið að standa gegn lýðræðislegu ferli.**

**STJÓRNSÝSLA** Innanríkisráðuneytið hefur vísað frá kæru Jóns Jósefs Bjarnasonar, fulltrúa minnihluta Íbúahreyfingarinnar í bæjarstjórn Mosfellsbæjar, vegna afgreiðslu bæjarráðs á skuldamáli. Ráðuneytið segir bæjarfulltrúa ekki hafa kærurétt þar sem hann eigi ekki aðild að málinu.

„Mér finnst þetta út í hött. Ráðuneytið á að verja lýðræðið og með þessu eru þeir að standa gegn því. Þeir eru að taka af bæjarfulltrúunum réttinn til að setja fram formlega skoðun á málinu,“ segir Jón.

Bæjarráð Mosfellsbæjar ákvað á fundi 21. júní að fela bæjarstjóra að semja um greiðslu til Landsbankans á um 250 milljónum króna. Um er að ræða sjálfskuldarábyrgð sem bærinn gekkst í fyrir verktaka vegna áforma um uppbyggingu í Helgafellslandi.

Samkvæmt lögfræðiáliti sem unnið var fyrir bæinn var óheimilt að gangast í slíka sjálfskuldarábyrgð, eins og fjallað hefur verið um í Fréttablaðinu. Því hefur Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, mótmælt og vísað til þess að ábyrgðin falli undir daglegan rekstur sveitarfélagsins.

Í kæru Jóns er vísað til sveitarstjórnarlaga, þar sem segir að sveitarstjórn ein geti tekið endanlegar ákvarðanir sem varði verulegar fjárhagslegar skuldbindingar. Því segir Jón augljóslega ólöglegt að afgreiða málið á fundi bæjarráðs.

Jón segir að með því að fullafgreiða málið á fundi bæjarráðs sé þeim bæjarfulltrúum sem ekki eigi sæti þar haldið frá því að tjá sig um málið. Bæjarstjórnin er í sumarfríi um þessar mundir en kemur aftur saman í ágúst. Jón segir ekkert liggja á að afgreiða málið, vel hefði mátt bíða fram í ágúst með að taka lokaákvörðun um afgreiðslu þess.

Innanríkisráðuneytið tekur ekki afstöðu til þess hvort kæruefnið sé réttmætt heldur vísar kærunni frá. Jón segir að niðurstöðu ráðuneytisins verði vísað til umboðsmanns Alþingis. „Ég vænti þess að hann snúi þessari ákvörðun, ég trúi ekki öðru.“ **brjann@frettabladid.is**



**UPPBYGGING** Mosfellsbær samdi við verktaka um mikla uppbyggingu í Helgafellslandi árið 2006. Áformin gengu ekki eftir nema að litlum hluta og bærinn sat uppi með sjálfskuldarábyrgð vegna samningsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Hægt að kæra sveitarfélög til ráðherra

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum hefur innanríkisráðherra eftirlit með því að sveitarfélög í landinu gegni skyldum sínum og fari að lögum. Hægt er að leggja fram stjórnsýslukæru til innanríkisráðuneytisins vegna afgreiðslna sveitarfélaga, en aðeins „aðilum máls“ er heimilt að leggja fram slíkar kærur.




## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**HVESSIR** Í dag og næstu daga verða suðvestlægar áttir ríkjandi, það hvessir heldur V-til en áfram horfur á fremur hægum vindi annars staðar. Það verður nokkuð bjart SA- og A-til en þungbúnara vestanlands. Áfram hlýtt í veðri, einkum inn til landsins austantil.




| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 28° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 20° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 19° |
| Mallorca | 34° |
| New York | 29° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 18° |
| París | 24° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# Tvennutilboð

## – fyrir menntun og skemmtun

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 12-1359

The power to do more



**17.096** kr. á mán.*

**Tvær saman á tilboði**

194.980 kr. staðgreitt

Tilboðinu fylgir gjafabréf
að Tvennutilboði Dominos.

**Dell Inspiron 15 N5050**

Hröð tölva með 15,6" HD skjá og 500 GB diski sem rúmar t.d. 500 kvikmyndir og ótal ritgerðir. 3ja ára ábyrgð.

**Samsung Galaxy Tab 2 10.1**

Spjaldtölva með hröðu þráðlausu neti, björtum 10,1" skjá og frábærum hljóm. Með AllShare forritinu frá Samsung eru myndir, þættir, tónlist og gögn mjög aðgengileg bæði í spjald- og fartölvunni. 2ja ára ábyrgð.

*Vaxtalaust lán í 12 mánuði. Verð innifelur 3,25% lántökugjald og 320 kr. greiðslugjald.

---

**13.218** kr. á mán.*

**Einstakt tilboð**

149.900 kr. staðgreitt



**Dell Inspiron 15R (5520)**

Hröð skóla- og afþreyingartölva sem endist og endist. Hún er með 500GB harðan disk og stóran og skýran 15,6" HD skjá. 3ja ára ábyrgð.

*Vaxtalaust lán í 12 mánuði. Verð innifelur 3,25% lántökugjald og 320 kr. greiðslugjald.

Intel, the Intel Logo, Intel Inside, Intel Core, and Core Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and/or other countries. For more information about the Intel processor feature rating, please refer to www.intel.com/go/rating.

Gríptu tækifærið núna og komdu í verslanir okkar
á Grensásvegi 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10, Akureyri.

**Skoðaðu www.advania.is/skoli**

advania
Welcome to IT

Sætún 10 | 105 Reykjavík | 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú farið í hvalaskoðun?*

| | |
|---|---|
| Já | 22,9% |
| Nei | 77,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Varst þú á faraldsfæti um Verslunarmannahelgina?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

Hryðjuverkamaður drap 6 í skotárás í síkahofi í Wisconsin í Bandaríkjunum á sunnudag:

# Skotmaður líklega tengdur hvítum öfgamönnum

**HRYÐJUVERKAÁRÁS** Svo virðist sem maðurinn sem myrti 6 og særði 4 í skotárás í Wisconsin í Bandaríkjunum á sunnudag hafi verið tengdur hreyfingu hægri öfgamanna. CNN hefur eftir upplýsingum frá lögreglunni að Wade Michael Page gæti hafa verið tengdur samtökum sem berjast fyrir yfirburðum hvíta kynstofnsins.

Page var 40 ára gamall og fyrrum hermaður. Hann hóf skothríð á musteri síka á sunnudagsmorgun með fyrrgreindum afleiðingum. Hann skaut meðal annars á lögreglumann, en féll fyrir kúlum lögreglunnar.

CNN hefur eftir John Edwards, lögreglustjóra í Oak Creek, að eftir eigi að staðfesta tengsl Page við samtök hvítra öfgamanna. Theresa Carlson, fulltrúi hjá alríkislögreglunni FBI, segir að tilefni árásarinnar sé enn óljóst. Verið sé að rannsaka hvort um hryðjuverk sé að ræða. „Við erum að rannsaka tengsl við rasistahópa,“ sagði hún og bætti við að Page hefði ekki verið til athugunar fyrir árásina.

Síkar hafa orðið fyrir fjölmörgum árásum í Bandaríkjunum eftir að hryðjuverkaárásin var gerð á New York 11. september 2001, þrátt fyrir að engin tengsl séu á milli þeirra og árásarmannanna.

Samkvæmt lista sem lögreglan dreifði eftir árásina hafa á milli 39 til 84 síkar verið myrtir síðan árásirnar voru gerðar. **- kóp**




**Á VETTVANGI** Árásarmaðurinn var fertugur fyrrverandi hermaður að nafni Wade Michael Page. Talið er að hann hafi haft tengsl við samtök öfgahægrimanna. NORDICPHOTOS/AFP

Elding laust kappakstursbraut:

## Tíu urðu fyrir eldingu

**BANDARÍKIN** Einn lét lífið og níu slösuðust þegar eldingu laust niður á bílastæði við NASCAR-kappakstursbraut í Pennsylvaníu.

Eldingunni sló niður á bílastæði Pocono-kappakstursbrautarinnar og var einn úrskurðaður látinn á slysstað en aðrir níu voru fluttir á næsta sjúkrahús til aðhlynningar. Helliregn hafði verið á svæðinu skömmu áður og gerði þrumuveður í kjölfar hennar. Starfsmenn kappakstursbrautarinnar ráðlögðu fólki að leita sér skjóls frá veðrinu en ekki náðu allir að koma sér undan í tæka tíð. **- sm**

Bandarískir bankar:

## Takmarka áhættu sína

**BANDARÍKIN** **Bankar á Wall Street undirbúa sig undir að evrusvæðið brotni upp ef lönd eins og Spánn og Grikkland yfirgefa myntbandalagið. Bandarískir bankar hafa kerfisbundið reynt að takmarka áhættu sína gagnvart evrópskum fjármálafyrirtækjum með kaupum á skuldatryggingum og sölu á kröfum sínum á evrópsk fjármálafyrirtæki.**

**JPMorgan Chase, Bank of America, Citigroup, Morgan Stanley og Goldman Sachs hafa um langt skeið verið með áhættuteymi sem einbeita sér sérstaklega að vandanum á evrusvæðinu.** **- sm**

**ÍSAFJÖRÐUR**

### Gróðureldar á tjaldsvæði

Varðeldur fór úr böndunum á tjaldsvæðinu í Tungudal aðfaranótt sunnudags. Eldurinn náði að breiða töluvert úr sér og var slökkviliðið kallað til sem náði fljótt tökum á eldinum.

# Jeppinn Curiosity notaður við könnun á lífi á Mars

**Rándýri rannsóknarjeppinn Curiosity lenti heilu og höldnu á yfirborði Mars aðfaranótt sunnudags. Jeppanum er ætlað að afla gagna sem eiga að hjálpa til við að svara því hvort líf hafi eitt sinn þrifist á plánetunni.**

**VÍSINDI** Curiosity, háþróaður rannsóknajeppi bandarísku geimferðastofnunarinnar (NASA), lenti heilu og höldnu á Mars aðfaranótt sunnudags. Jeppinn mun næstu misseri afla gagna sem eiga að hjálpa til við að svara spurningunni hvort líf hafi einhvern tímann þrifist á hinni rauðu plánetu.

Lending Curiosity heppnaðist nær fullkomlega og nokkrum mínútum eftir að jeppinn snerti yfirborð Mars bárust fyrstu ljósmyndirnar sem hann tekur til jarðar.

Verkefni Curiosity er að leita að grunnbyggingareiningum lífvera, þar á meðal ýmsum kolefnissamböndum, köfnunarefni, brennisteini, fosfóri og súrefni, í jarðvegi Mars.

Rannsóknir jeppans, sem er kjarnorkuknúinn, munu standa í tvö ár en hann er búinn tíu ólíkum verkfærum sem notuð verða við verkefnið. Meðal þeirra eru leysigeisli sem getur sprengt steina og eins konar meðfærileg tilraunastofa í lífefnafræði. Þá er jeppinn búinn alls sautján myndavélum og þar af nokkrum sem taka háskerpuljósmyndir.

Sendiför Curiosity hefur kostað NASA 2,5 milljarða Bandaríkjadala, jafngildi tæplega 300 milljarða króna. Að koma jeppanum á yfirborð Mars var enda gríðarflókið verkfræðilegt úrlausnarefni en jeppinn, sem vegur eitt tonn og er á stærð við lítinn bíl, er miklu þyngri en þau tæki sem NASA hefur áður sent til plánetunnar.

Andrúmsloft Mars er mjög þunnt sem veldur því að erfitt er að hægja á geimförum sem nálgast plánetuna. Þegar Curiosity hóf aðflug sitt að Mars var geimfarið á ríflega 5 kílómetra hraða á sekúndu. Eftir sjö spennuþrungnar mínútur í höfuðstöðvum NASA var hins vegar búið að hægja á geimfarinu niður í 0,04 kílómetra hraða á sekúndu. Þegar geimfarið nálgaðist yfirborðið seig jeppinn svo löturhægt niður í köplum og snerti loks yfirborðið á snigilshraða í fullkomnu ásigkomulagi.

Sendiför Curiosity er sjöunda heppnaða lending NASA á Mars en meirihluti þeirra leiðangra sem geimferðastofnanir heimsins hafa skipulagt til Mars hefur farið illa.

Ferðalag Curiosity tók átta mánuði en á þeim tíma ferðaðist geimfarið 566 milljón kílómetra. Er það tæplega 1.500 sinnum meðalvegalengdin á milli jarðarinnar og tunglsins. **magnusl@frettabladid.is**



**PASADENA Í KALIFORNÍU** Gríðarleg fagnaðarlæti brutust út meðal starfsfólks NASA þegar staðfesting fékkst á því að Curiosity hefði lent heilu og höldnu á yfirborði Mars. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**300** milljarða króna kostaði að senda rannsóknarjeppann til Mars.






Coe segir skáldlegt réttlæti að flöskukastari hafi verið sleginn af júdókappa:

# Kastaði flösku að hlaupurunum

**ÓLYMPÍULEIKARNIR** Maður kastaði flösku inn á Ólympíuvöllinn í London á sunnudag, í þann mund sem keppendur í úrslitum 100 metra hlaups karla voru að taka af stað. Um bjórflösku úr plasti var að ræða og sakaði hún engan.

Maðurinn heitir Ashley Gill-Webb og er 34 ára gamall Breti. Lögregla segir að hann hafi hrópað ókvæðisorð að hlaupurunum áður en hann grýtti flöskunni inn á völlinn.

Bronsverðlaunahafinn í júdó, hollenska konan Edith Bosch, varð vitni að atvikinu. Hún brást ókvæða við og sló hann, en sagði í samtali við hollenska sjónvarpsstöð að vonbrigði og reiði hefðu litað dómgreind hennar.

„Ég hafði séð hann ganga um aðeins fyrr og sagði sessunautum mínum að hann væri furðulegur. Síðan kastaði hann flöskunni og í geðshræringu sló ég hann á bakið með flötum lófa.“

Sebastian Coe, formaður skipulagsnefndar Ólympíuleikanna í London, sagði skáldlegt réttlæti fólgið í barsmíðum Bosch, en dró svo í land og sagðist ekki hafa verið að hvetja til þess að menn tækju lögin í eigin hendur.

Usain Bolt frá Jamaíku, sem sigraði hlaupið, sagðist ekki hafa tekið eftir atvikinu. Bandaríski hlauparinn Justin Gatlin sagði hins vegar að sér hefði brugðið við flöskuna. Atvikið hefði þó ekki haft áhrif á úrslitin, en Gatlin varð þriðji í hlaupinu. **- kóp**



**FLÖSKUKAST** Flaskan lenti fyrir aftan jamaíska hlauparann Yohan Blake, en hann varð annar í hlaupinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Nú styttist í flutning
# 30 - 50% afsláttur!



## LANGAR ÞIG Í EITTHVAÐ FALLEGT?

SÓFAR SÓFABORÐ STÓLAR SPEGLAR RAMMAR RÚM KERTI BORÐSTOFUBORÐ LUGTIR MOTTUR DÝNUR ILMKERTI DISKAR BAKKAR STYTTUR PÚÐAR VASAR KÖNNUR GLÖS KERTASTJAKAR KOMMÓÐUR SÁPUR GANGABORÐ SKENKAR LJÓS SNAGAR BÓKASKÁPAR HILLUR KARÖFLUR KÖKUDISKAR KRUKKUR SKÁLAR MATARSTELL SKEMLAR SÆNGURFÖT BOX KÖRFUR OG SVO MARGT ANNAÐ........

HEIMA
HÚSIÐ

Öndvegi mood lifum GALLERY GÓLF PARKET•FLÍSAR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

## Úttekt KPMG á rekstri og skipulagi Hörpu



**TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ HARPA** Samkvæmt rekstraráætlun ársins 2012 verða tekjur Hörpu 723 milljónir króna en rekstrargjöld 1.130 milljónir. Allt stefnir því í að hallinn á þessu ári verði 407 milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

# Fimm „veruleg frávik“ hjá Hörpu

**Fimm veruleg frávik er að finna í núverandi rekstraráætlun tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu frá þeim áætlunum sem lágu til grundvallar þegar íslenska ríkið og Reykjavíkurborg ákváðu að taka yfir húsið eftir bankahrun.**

Rekstur Hörpu er mun dýrari en upphaflega var gert ráð fyrir, fasteignagjöld sem greiðast til Reykjavíkurborgar eru mun hærri en áætlað var, tekjur af ráðstefnum og veitingarsölu eru lægri en lagt var upp með og tekjur bílastæðahúss sömuleiðis.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í úttekt KPMG á rekstri og skipulagi Hörpu sem unnin var fyrir eigendur hússins, ríkissjóð og Reykjavíkurborg. Lokaskýrsla um úttektina, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, er dagsett 31. maí síðastliðinn. KPMG segir ljóst að halli verði á rekstri Hörpunnar árið 2012 og líklegt sé að svo verði áfram næstu árin.

### Áætlanir stóðust ekki

Samkvæmt fyrirliggjandi rekstraráætlun fyrir árið 2012 verða tekjur Hörpu 723 milljónir króna á þessu ári. Rekstrargjöld eru hins vegar 1.130 milljónir króna og rekstartap því 407 milljónir króna. Tölurnar ná einungis til reksturs Hörpu og í þeim er ekki tekið tillit til greiðsluframlags eigenda sem notað er til að greiða af lánum. Ríkissjóður og Reykjavíkurborg eru skuldbundin til greiðslu slíks framlags til Hörpu í 35 ár. Áætlað er að framlagið, sem er verðtryggt, verði samtals 983 milljarðar króna á árinu 2012.

Í úttekt KPMG segir að þegar ríkissjóður og Reykjavíkurborg tóku yfir Hörpu árið 2009 hafi verið gerð svokölluð yfirtökuáætlun. Auk þess hafi Portus gert sína eigin rekstraráætlun. Þær gerðu ekki ráð fyrir fjárþörf umfram umsamin fjárframlög ríkis og borgar til að greiða af lánum. Með öðrum orðum átti rekstur hússins að vera sjálfbær. Í úttektinni segir að „ef núverandi áætlun fyrir árið 2012 er borin saman við fyrri áætlanir eru einkum fimm atriði sem fela í sér veruleg frávik og segja má að sé grunnurinn að þeirri fjárþörf sem nú blasir við“.

### Fimm veruleg frávik

Í fyrsta lagi eru fasteignagjöld mun hærri en áætlað var. Í yfirtökuáætluninni var gert ráð fyrir að þau yrðu 180 milljónir króna og í áætlun Portusar voru þau áætluð 99 milljónir króna. Álögð gjöld eru hins vegar 337 milljónir króna, eða 157 til 238 milljónum krónum hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.



**SAMKOMULAG** Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og Hanna Birna Kristjánsdóttir, þáverandi borgarstjóri, undirrituðu viljayfirlýsingu um að klára byggingu Hörpunnar í febrúar 2009. Austurhöfn, félag í eigu ríkis og borgar, tók verkefnið í kjölfarið yfir. Rekstrartap Hörpu í ár er áætlað 407 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Í öðru lagi hefur rekstur hússins verið dýrari en lagt var upp með. Sá mismunur felst bæði í breytilegum húsnæðiskostnaði og launakostnaði. Starfsmenn Hörpunnar eru 29 talsins. Í úttekt KPMG kemur fram að „stjórnendur [Hörpu] hafa bent á að starfsemin sé undirmönnuð í dag og mikilvægt sé að ráða inn fleira starfsfólk. Í áætlunum er ekki gert ráð fyrir nýráðningum“. Í rekstraráætlun Hörpu kemur fram að laun og launatengd gjöld verði 309 milljónir króna á þessu ári.

Í þriðja lagi hafa tekjur af ráðstefnum verið mun lægri en í yfirtökuáætluninni. Þar voru ráðstefnutekjurnar um 80 prósent hærri. Í úttekt KPMG er þó bent á að í þeirri áætlun hafi verið gert ráð fyrir að hótel væri risið við hlið Hörpu sem hefði „stutt við tekjur af ráðstefnuhaldi“.

Í fjórða lagi hafa tekjur af veitingasölu verið lægri en áætlað var og í fimmta lagi gerði áætlun Portusar ráð fyrir að tekjur af bílastæðahúsi Hörpu yrðu „mun hærri“ en núverandi áætlun sýnir. Í úttektinni segir að „þegar áætlunin var unnin var horft til áforma Bílastæðasjóðs um verulega hækkun á bílastæðagjöldum, sem ekki hefur verið fylgt eftir. Þetta skýrir frávik frá fyrri áætlun að hluta“.

### Aukin framlegð dugar ekki

Í úttekt KPMG kemur fram að stjórnendur Hörpu hafi fyrst og fremst horft til lækkunar fasteignagjalda og hækkunar á leigu Sinfóníuhljómsveitarinnar og Íslensku óperunnar til að draga úr fjárþörf sinni. Nú er hins vegar ljóst að fasteignagjöld lækka ekki. Auk þess segir í úttektinni að „hækkun á leigu SÍ og ÍÓ mun hjálpa, en ekki koma í veg fyrir viðvarandi fjárþörf“.

Til að vinna á þessum vanda er lagt til að stjórnendur Hörpu setji saman áætlun sem miði að því að endar nái saman á næstu þremur til fimm árum. Þannig yrði reksturinn sjálfbær og fjárþörf ekki viðvarandi. Í úttekt KPMG segir að „þrátt fyrir að vel takist til með að bæta rekstur á næstu árum og draga úr fjárþörf er hætta á að ekki takist að fyrirbyggja frekari fjárþörf með varanlegum hætti. Þar vegur þyngst að nú er staðfest að fasteignagjöld lækka ekki, en þau eru mun hærri en allar fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir“.

KPMG telur að hægt verði að auka framlegð um 180 til 390 milljónir króna á næstu fimm árum með því að endurskoða leigusamninga, samninga við þjónustuaðila og birgja, auka tekjur af ráðstefnu- og fundarhaldi, einfalda uppbyggingu Hörpu-samstæðunnar, auka þátttöku í samstarfsverkefnum og meta hvort auka eigi sveigjanleika í verðskrá og leita leiða til að draga úr breytilegum kostnaði. Miðað við rekstrartap Hörpu á þessu ári myndu þessar aðgerðir þó ekki duga til að brúa bilið. Samkvæmt lægri mörkum yrði fjárþörfin enn 226 milljónir króna en samkvæmt hærri mörkunum yrði varanleg fjárþörf 16 milljónir króna.

**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is



## Fjórðungur tekna frá Sinfóníuhljómsveitinni og óperunni

Af tekjum Hörpunnar koma 172 milljónir króna frá Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslensku óperunni vegna leigu og veittrar þjónustu. Það er tæpur fjórðungur allra tekna hússins. Bæði Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslenska óperan fá fjárframlög frá opinberum aðilum til að standa straum af rekstri sínum.

Rekstraráætlunin gerir ráð fyrir því að 38 prósent tekna Hörpunnar komi til vegna listviðburða og ráðstefnusviðs hússins. Í úttekt KPMG kemur fram að „þegar áætlunin var unnin í desember sl. lágu fyrir bókanir á listviðburðum sem námu 65% af áætluðum tekjum 2012. Bókunarstaða á ráðstefnusviði var 45% af áætluðum tekjum 2012. Erlendar ráðstefnur eru yfirleitt bókaðar með löngum fyrirvara. Þannig er gert ráð fyrir að innlendar ráðstefnur, fundir og veislur skili þeim 55% sem vantar upp á bókanir þegar áætlunin var gerð. Þetta er bjartsýni, en ekki óraunhæft“.

Nýting vegna listviðburða frá opnun hússins hefur verið góð og umfram upphaflegar áætlanir, samkvæmt úttektinni. Þar segir þó að „ólíklegt verður að teljast að tekjur af listviðburðum og ráðstefnum verði hærri en áætlanir gera ráð fyrir árið 2012, en mögulegt er að þær verði lægri“.

Þá hefur nýting bílastæðahúss Hörpunnar verið mun minni en lagt var upp með.



Annar rekstrarkostnaður er 81 milljón króna samkvæmt áætlun. Í honum felst meðal annars tölvukostnaður, almennur skrifstofukostnaður, sérfræðikostnaður, endurskoðun og ýmsir smærri liðir. Í úttekt KPMG kemur hins vegar fram að 55 prósent þessa kostnaðarliðar eru óskilgreind í rekstraráætlun Hörpu.

## Fá 700 milljónir í nýtt rekstrarfé

Fyrr á þessu ári var ákveðið að ráðast í skuldabréfaútgáfu til að endurfjármagna byggingu Hörpunnar. Hámarksfjárhæð skuldabréfaútgáfunnar er 19,3 milljarðar króna. Í úttekt KPMG kemur fram að gert sé ráð fyrir að hún verði nýtt að fullu. Hún á að endurfjármagna sambankalán upp á 17 milljarða króna og brúarlán sem eigendur Hörpu veittu samstæðunni í fyrra upp á 738 milljónir króna. Auk þess á útgáfan að fjármagna lokafrágang hússins og áætlaða fjárþörf vegna lokauppgjörs við verktaka, samtals upp á 546 milljónir króna. Þetta gera samtals um 18,6 milljarða króna.

Til viðbótar er hægt að stækka útgáfuna um rúmlega 700 milljónir króna til að veita rekstrarfélögum Hörpu svigrúm til að greiða niður tap hússins á næstu árum án þess að eigendur þurfi að leggja því til nýtt fé. Því á að taka lán til að greiða fyrir fyrirsjáanlegt rekstartap næstu ára.

Landsbankinn, sem er að mestu í eigu ríkisins, sölutryggði skuldabréfaútboðið fyrr á þessu ári. Fréttablaðið greindi frá því í apríl að búið væri að selja alla útgáfuna.




**Sæktu um lykil núna á ob.is**

# Strákarnir okkar stjórna afslættinum!

# -17 kr.

**Í DAG MEÐ ÓB-LYKLINUM Á ÓB- OG OLÍS-STÖÐVUM**



## ÍSL 41–24 BRE



Íslenska karlalandsliðið í handbolta hafði sigur í fimmta leik sínum á Ólympíuleikunum í gær þegar það lagði lið Bretlands með 17 marka mun. Af því tilefni fá lykilhafar afslátt af eldsneytislítranum hjá ÓB og Olís sem nemur markamismuninum og gildir afslátturinn einnig með Staðgreiðslukorti og Tvennukorti Olís. Afsláttur vegna markamismunar bætist ekki við annan afslátt.

olís

## FÁÐU LYKIL HJÁ OLÍS!

Ef þú átt ekki ÓB-lykil geturðu farið á næstu Olís-stöð, fengið afhentan lykil og virkjað strax á netinu. Þá er engin hætta á að þú missir af afslættinum. Athugaðu þó að það geta liðið nokkrar klukkustundir frá því lykillinn er virkjaður og þar til hægt er að nota hann.

ÓB

PIPAR\TBWA · SÍA



**SAMÚRÆJAHÁTÍÐ Í FUKUSHIMA** Skammt frá kjarnorkuverinu sem eyðilagðist í fyrra klæddu menn sig upp eins og samúræjar á árlegri hátíð nú í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

Alls hefur 21 prósent allra atvinnulausra verið án vinnu í 12 mánuði eða lengur:

# Forstjóri Vinnumálastofnunar áhyggjufullur

**ATVINNUMÁL** Fjöldi þeirra sem hafa þegið bætur í 12 mánuði eða lengur er áhyggjuefni að mati forstjóra Vinnumálastofnunar. Þá er ekki útilokað að atvinnuleysið aukist aftur í haust þegar tímabundnum aðgerðum stofnunarinnar lýkur.

Hagstofan birti fyrir helgi nýja vinnumarkaðsrannsókn sem gerð var vegna júnímánaðar. Atvinnuleysi mælist 5,2 prósent. Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir tölurnar í takti við það sem búist var við.

„Atvinnuleysið hefur gengið hratt niður yfir sumarmánuðina en það er rétt að minna á að það er dálítið stór hópur fólks sem er í svokölluðum vinnumarkaðsúrræðum á okkar vegum. Þetta fólk er á styrk frá atvinnuleysistryggingarkerfinu en er engu að síður í vinnu og mælist þess vegna ekki með í þessari mælingu.”

Þrátt fyrir að atvinnuleysi hafi minnkað er enn stór hluti sem hefur glímt við langtímaatvinnuleysi, eða fimmtungur allra atvinnulausra.

Langtímaatvinnuleysi er hugtak sem notað er yfir þá sem hafa verið án vinnu í 12 mánuði eða lengur. Þeir voru um mitt þetta ár 2.800 eða 21 prósent allra atvinnulausra.

Langflestir þeirra eru á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi er mest.

„Það vill gerast að hópur sitji eftir og fái ekki störf við hæfi. Og þarna erum við að tala um greinar sem urðu hart úti í hruninu. Mannvirkjagreinar, ýmiss konar flutningastarfsemi og fleira. Útlendingar eru þarna í stórum hópum og þetta er auðvitað áhyggjuefni,” segir Gissur. - þþ



**GISSUR PÉTURSSON** Forstjóri Vinnumálastofnunar segir að of margir glími við langtímaatvinnuleysi.

Deilt um sölu á Saab:

# Eigendur Saab hafa kært GM

**VIÐSKIPTI** Eigendur Saab-bílafyrirtækisins hefur kært General Motors og fara fram á 3 milljarða dollara í skaðabætur.

Hollenski bílaframleiðandinn Spyker Cars, sem á hlut í Saab ásamt GM, segir GM hafa hindrað mögulega sölu á Saab til kínverska fyrirtækisins Zhejiang Youngman Lotus Automobile. Í kjölfarið lýsti Saab yfir gjaldþroti í desember á síðasta ári.

Victor Muller, forstjóra Spyker Cars, sagði í viðtali við BBC að GM hefði komið í veg fyrir söluna af ótta við að kínversk fyrirtæki kæmu höndum yfir tækni Saab. Sala fyrirtækisins hefði geta forðað Saab frá gjaldþroti. - sm

Bandarísk rannsókn á ástarsamböndum:

# Skammtímaósætti leiðir til heilbrigðara sambands

**VÍSINDI** Það kann að vera gott fyrir fólk í ástarsambandi að gera grein fyrir angist sinni í stað þess að fyrirgefa og sættast. Þetta eru niðurstöður rannsóknar sem skoðaði kosti fyrirgefningar í samböndum.

Stundum getur það meira að segja verið mikilvægt að tjá reiði sína í garð hins aðilans til að leysa hnúta í samböndum. Skammtímaóþægindin sem fylgja tjáningu reiði gætu reynst heilbrigð fyrir sambandið til lengri tíma litið.

Rannsóknin var gerð við ríkisháskólann í Flórída í Bandaríkjunum og kannaði hvers vegna sum ástarsambönd ganga upp en önnur visna og ganga ekki upp. James McNulty sem leiddi rannsóknina segir jákvætt viðhorf oft hafa öfug áhrif. „Ég fann vísbendingar um að hugsanir og hegðun sem miða að vellíðan hins aðilans leiða oft til verri líðanar hans,“ sagði McNulty.

Þá voru áhrif náinna ástarsambanda á heilsu okkar könnuð. Sálfræðingar hafa lengi vitað að náin ástarsambönd eru nauðsynleg góðri heilsu fólks. Ástæður þess hafa þó ekki verið ljósar. Rannsóknin styður kenningar um tengingu milli tveggja aðila. Sú kenning segir að hver fullorðin manneskja eigi sér einn ástvin sem hún snýr sér til þegar álag eða ótta ber að. - bþh



**Á FARALDSFÆTI VIÐ RÚTURNAR** Framkvæmdastjóri Bíla og fólks segist ekki ætla að láta hirða af sér afrakstur markaðssetningar á hringleiðinni sísvona. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**

til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.

Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.

Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00




# Stefnir í bótakröfumál á báða bóga

**Sveitarfélög á Suðurlandi og Austurlandi hafa farið fram á lögbann á akstur Bíla og fólks. Framkvæmdastjóri segist hafa markaðssett hringferðina undanfarin ár og hann láti ekki hrifsa af sér afraksturinn.**

**FERÐAMÁL** Harðar deilur standa nú á milli sveitarfélaga á Suður- og Austurlandi og ferðaþjónustufyrirtækisins Bíla og fólks. Nú hefur Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) látið setja lögbann á akstur fyrirtækisins milli Egilsstaða og Hafnar og í júlíbyrjun fóru Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi (SASS) fram á lögbann á akstur fyrirtækisins þar. Það var samþykkt en þó ekki fylgt eftir.

„Ástæðan er sú að farið var fram á svo háa tryggingu að við hefðum þurft að kalla saman til stjórnarfundar til að fá samþykki til slíks,“ segir Elfa Dögg Þórðardóttir, formaður SASS. „Við tökum svo stöðuna aftur í haust og sjáum til með framhaldið,“ bætir hún við.

Ástæðan fyrir þessum kröfum er sú að sveitarfélögin telja að akstur Bíla og fólks stangist á við sérleyfislög en fyrirtækið er ekki með sérleyfi á þessum leiðum. Í fyrra tóku sveitarfélögin við ábyrgð og eftirfylgni á sérleyfisakstri. Valdimar O. Hermannsson, stjórnarformaður SSA, segir að sambandið hafi orðið fyrir margra milljóna króna tekjumissi vegna ólöglegrar samkeppni frá Bílum og fólki. „Við viljum setjast niður að samningum við þá þar sem meðal annars yrði samið um einhverjar bætur vegna þessa en annars fer þetta fyrir dómstóla,“ segir hann.

Óskar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Bíla og fólks, segir fráleitt að fyrirtækið borgi bætur vegna þessa. Hins vegar muni fyrirtækið kæra SSA fyrir það tap og álitshnekki sem aðgerðir þess hafa kostað það. „Ég byrjaði árið 2006 að markaðssetja hringferðirnar. Þá fóru um tvö til þrjúhundruð ferðamenn hringinn en nú gera það um fimmtán hundruð manns. Þetta er afraksturinn af okkar markaðssetningu og þeir fá ekkert að rífa hann af okkur sísvona. Þeir verða bara að róa og fiska eins og aðrir,“ segir Óskar.

> Þetta er afraksturinn af okkar markaðssetningu og þeir fá ekkert að rífa hann af mér sísvona. Þeir verða bara að róa og fiska eins og aðrir.
>
> **ÓSKAR SIGURÐSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRA BÍLA OG FÓLKS

Valdimar er alls ósáttur við framgöngu fyrirtækisins í þessu máli. „Það sem okkur þykir sárast er að þeir gerðu ekki einu sinni tilboð í sérleyfin, sem hefði verið heppilegt því þeir voru með sérleyfin í fyrra og búa því að reynslunni, heldur halda þeir áfram að aka þarna algjörlega á sínum forsendum.“ Óskar segir að ekkert fyrirtæki hafi gert tilboð eftir að fyrstu útboðsgögnin lágu fyrir en síðan hafi verið haft samband við öll fyrirtækin sem hafi sótt umboðsgögn nema Bíla og fólk og þeim boðið að gera tilboð á nýjum forsendum. jse@frettabladid.is

# SUMARDAGAR RÚMGOTT

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

*Vertu örugg/ur*
*Komdu í greiningu*

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



**HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?**

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

30-50% AFSLÁTTUR
AF HEILSURÚMUM

Heilsurúm á tilboði

VERÐDÆMI:
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt: 70.224
Tvíbreitt: 129.336

## FRÍ HEIMSENDING
## EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!*

*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á Frábæru verði**



30-40%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
RAFMAGNS-
RÚMUM

Einbreið rafmagnsrúm:
**Verð frá 190.049.-**

Tvíbreið rafmagnsrúm:
**Verð frá 346.995.-**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**
– Eingungis greiðist lántökugjald

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**
**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

VERSLUNIN RúmGott ÍSLENSK HEILSURÚM

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Taprekstur á tónlistarhúsinu Hörpu:

## Út úr bíóunum

Rekstur tónlistarhússins Hörpu verður að óbreyttu með rúmlega 400 milljóna króna tapi á þessu ári. Þetta er vitanlega þungur baggi bæði fyrir ríki og borg og þar með skattgreiðendur, ekki síst í Reykjavík.

Engu að síður hafa tekjur af grunnstarfsemi hússins, tónleikum og annarri menningarstarfsemi verið samkvæmt áætlun en alls hafa 250 þúsund gestir sótt hátt á fjórða hundrað menningarviðburða í Hörpu síðan húsið var tekið í notkun.

SKOÐUN



Steinnunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Tekjur af ráðstefnuhaldi hafa hins vegar ekki gengið eftir eins og áætlað var og til viðbótar var vanáætlað vegna fasteignagjalda. Ekki hefur komið fram hvernig forsendurnar voru vegna áætlana á tekjum vegna ráðstefnuhalds en ljóst er að aldrei var hægt að gera ráð fyrir að þétt yrði bókað af stórum ráðstefnum á fyrstu misserum í starfsemi hússins. Slíkar ráðstefnur eru skipulagðar með lengri fyrirvara en svo.

Tapið lendir hjá ríki og borg, hver svo sem ástæðan er fyrir því, og þar með á skattgreiðendum þannig að það er ekkert skrýtið að upp komi vangaveltur um það hvers vegna íslenskur almenningur þarf að taka á sig þennan reikning – eins og svo marga aðra, vel að merkja.

Tónlistarhús hafði verið í umræðunni í áratugi án þess að nokkuð þokaðist; sinfóníuhljómsveitin starfaði í bíói og Íslenska óperan í aflögðu bíói. Í góðærinu, sem svo er nefnt, fór fjármagn frá einkaaðilum að streyma inn í menningarstarfsemi, ekki bara hér heldur víða annars staðar. Allt í einu varð ókeypis á söfn í boði stöndugra fyrirtækja og svo var ákveðið að byggja tónlistarhúsið langþráða í einkaframkvæmd. Þannig lenti bygging tónlistarhúss úr höndunum á opinberra aðila í hendur einkaaðilum sem réðu þá þeim forsendum sem lagt var upp með, þar á meðal stærð hússins. Niðurstaðan var Harpa, tónlistarhús sem á sér fá lík. Hún er ekki bara glæsileg heldur líka stór, stærri en tónlistarhús þjóða sem eru margfalt stærri en sú íslenska.

Það er eins gott að horfast í augu við að það var aldrei kostur í stöðunni að hætta við byggingu hússins. Vissulega hefði virkið sem búið var að steypa upp þegar hrunið varð orðið tilkomumikill minnisvarði um „vitleysislegar fjárfestingar“ eins og Pétur Blöndal hefur sagt en vart er hægt að hugsa sér ömurlegri ásýnd miðbæjar en að hafa slíkt minnismerki trónandi yfir sér.

Harpa er sem sagt komin til að vera og mun ekki minnka úr því sem komið er, svo mikið er víst. Húsið hefur verið innspýting í menningarlífið í landinu. Það hefur verið lyftistöng fyrir stofnanirnar tvær sem nú eiga heima í Hörpu að komast út úr bíóunum. Aldrei hafa fleiri sótt sinfóníutónleika og óperulífið blómstrar og Harpa er glæsileg umgjörð utan um þessa tónlistarstarfsemi.

Enn ríkir um það þokkaleg sátt að leggja til menningar af opinberu fé. Það framlag ætti þó ekki að fara rekstur á stórkallalegu húsi. Mismuninn verður að sækja í ráðstefnuhlutann. Hins vegar var aldrei hægt að búast við að full starfsemi næðist í alla mögulega anga hússins á fyrstu árum starfseminnar, allra síst ráðstefnuhlutann, og það er stór biti að brúa bilið.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lítið traust á formanni

Jón Sigurðsson, fyrrum formaður Framsóknarflokksins, birti hugleiðingar sínar um flokkinn á heimasíðu sinni um helgina. Ekki er hægt að segja annað en að Jón tali þar af mikilli hreinskilni um það sem hann telur aflaga í flokknum og ljóst er að hann er ekki hrifinn af núverandi formanni, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni. Jón segir áherslur flokksins nú einkennast af „handaflspólitík og vinsældarstefnu“. Sumir forystumenn hafi tamið sér æsing og reiði sem ekki hjálpi. Þá hafi margir flokksmenn áhyggjur af „skólatöfluæfingum“ um almenna niðurfærslu skulda, en þar heggur hann að rótum eins stærsta baráttumáls Sigmundar Davíðs.



### Hallast til hægri

Formaðurinn fyrrum segir marga efast um að vilji sé innan núverandi forystu til samstarfs til vinstri. Samstaða forystunnar með Sjálfstæðisflokknum sé umfram það sem sameiginleg stjórnarandstaða feli í sér. Sé það rétt mat, hefur Framsókn misst eitt af höfuðeinkennum sínum; að geta starfað bæði til hægri og vinstri.



### Hamslaus málflutningur

Jón víkur að umskiptum Framsóknarflokksins í Evrópumálum og segir fáa skipta um skoðun á ESB þrátt fyrir fjármálakreppu sumra landa. Málflutningur forystumanna nú sé hins vegar „undarlega hamslaus“ og ESB-sinnum sé ekki sýndur félagsandi. Nú er spurning hvort Sigmundur Davíð bregst við gagnrýninni af þeim félagsanda sem Jón kallar eftir eða því hamsleysi sem Jón sakar forystuna um.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Afætur eða falinn fjársjóður?

Mannréttindi



Guðjón Sigurðsson

formaður MND félagsins

Í Reykjavík síðdegis í símatíma um daginn var öryrki sem skammaðist út í íþróttafélög sem ekki hleyptu honum frítt inn á kappleiki og svo kom annar sem kallaði öryrkjann frekju á sínu framfæri.

Báðir þessir aðilar eru öfgamenn í málefnum okkar öryrkja bara hvor á sínum endanum og eru hvorki öryrkjum til framdráttar né Íslandi yfir höfuð.

Barátta MND félagsins hefur snúið að því að aðstoðarmenn okkar fengju frítt inn á viðburði. Ef við hefðum ekki aðstoð kæmumst við ekkert og því ósanngjarnt að við greiðum fyrir tvo.

> Við viljum ekki forréttindi heldur jafnrétti.

Við fögnum því að fá afslætti og jafnvel frítt inn sums staðar en það er ekki rétta leiðin að úthúða einhverjum sem ekki gefur afslátt, sem er þeirra réttur.

Um leið og öryrkjum er tryggð mannsæmandi framfærsla þá get ég tekið undir með seinni aðilanum að við eigum ekki að fá frítt frekar en aðrir. Staðreyndirnar eru aðrar og því erum við þakklát þeim sem aðstoða okkur með afslætti.

Við viljum ekki forréttindi heldur jafnrétti. Hitt er svo annað mál að vegna þess að við gerum ekki nóg til að koma öryrkjum í virkni og þar með á vinnumarkaðinn þá erum við öll að tapa miklum verðmætum. Nú er ég 100% öryrki en vegna hjálpartækja og aðstoðar sem ég nýt þá tek ég þátt í samfélaginu, eins og ég get vegna hindrana sem flestar eru manngerðar, og borga skatt af þeim tekjum sem ég afla mér. Því eru góðar líkur á að sá sem talaði niður til öryrkja sé mögulega á mínu framfæri. Kannski er hann í fæðingarorlofi eða fær vaxtabætur sem allt er gerlegt vegna þess að ég, öryrkinn, borga skatta af launum mínum eins og aðrir heiðarlegir borgarar þessa lands. Bið ég viðkomandi að njóta vel.

Við þurfum á öllum að halda í uppbyggingu Íslands. Við skulum bera virðingu hvert fyrir öðru og vinna saman að því að virkja alla til þátttöku og þar á meðal þau auðævi sem eru fólgin í okkar verst settu einstaklingum.

Við erum nefnilega öll frábær. Bara mismunandi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Aðild Íslands að ESB – Hagstæð eða óhagstæð fyrir neytendur?

Evrópusambandið

Gunnar Alexander Ólafsson
hagfræðingur



Um þessar mundir standa yfir aðildarviðræður Íslands að Evrópusambandinu (ESB). Neytendasamtökin (NS) hafa ekki tekið afstöðu með eða á móti aðild Íslands að ESB en í nokkur ár hafa NS skoðað kosti og galla mögulegrar aðildar. Að mati NS væri aðild að ESB í mörgu mjög góður kostur fyrir íslenska neytendur. Ef Ísland gerist aðili mun það styrkja fjárhag heimilanna. Hagur neytenda myndi batna vegna þess að Ísland yrði aðili að mun stærra markaðssvæði og samkeppni myndi því aukast. Að vera utan ESB gerir það að verkum að Íslendingar njóta þess ekki til fulls að vera fullir aðilar að innri markaðnum. Viðskiptakostnaður er mun hærri nú vegna tollafgreiðslu og umsýslukostnaðar ýmiss konar. En almennt verður að taka fram að áður en hægt er að taka afstöðu til aðildar að ESB verður aðildarsamningur að liggja fyrir.

Ef skoðaðir eru þrír þættir sem skipta neytendur mestu máli; húsnæðislán, matarkostnaður og neytendavernd, þá er ljóst að aðild að ESB hefur verulega þýðingu fyrir neytendur. Við aðild Íslands að ESB myndi vaxtakostnaður neytenda lækka töluvert og þar hafa húsnæðislánin mesta þýðingu. Húsnæðiskostnaður er einn stærsti kostnaðarliður í bókhaldi hvers neytanda. Í könnun sem NS gerðu árið 2005 kom fram að kostnaður íslenskra neytenda vegna húsnæðislána er umtalsvert hærri en á öðrum Norðurlöndum og löndum sem hafa evru sem gjaldmiðil. Lántökukostnaður, kostnaður við greiðslu afborgana og uppgreiðslugjald var almennt hærra á Íslandi en í þeim löndum sem könnunin náði til. Í sömu könnun kom fram að vextir á íslenska húsnæðismarkaðnum voru þeir hæstu meðal þeirra landa sem könnunin náði til og raunvextir voru að jafnaði 2 til 5 prósentustigum hærri hér á landi en á hinum löndunum í könnuninni. Birtar hafa verið nýlegar kannanir sem staðfesta að þetta hefur ekki breyst. Könnunina „Dýrast að taka húsnæðislán á Íslandi“ til að mynda má sjá á www.ns.is undir „útgáfa“.

> Ef skoðaðir eru þrír þættir sem skipta neytendur mestu máli; húsnæðislán, matarkostnaður og neytendavernd þá er ljóst að aðild að ESB hefur verulega þýðingu fyrir neytendur.

Því hefur oft verið haldið fram með rökum að verð á matvælum myndi lækka með aðild. Ástæða er til að minna á að það gekk eftir bæði í Svíþjóð og Finnlandi eins og spáð var. Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá árinu 2004 og í skýrslu frá Evrópufræðasetri á Bifröst komu fram sterk rök fyrir því að svo yrði einnig hér. Tollar yrðu afnumdir á öllum vörum með aðild okkar að Tollabandalagi Evrópu og þar myndi muna mest um landbúnaðarvörurnar. Einnig myndi inngangan leiða til aukins innflutnings vegna afnáms tolla sem aftur myndi auka samkeppnina á matvælamarkaðnum og ætti það að skila sér í lægra vöruverði til neytenda.

Þegar kemur að almennri neytendavernd þá er það umhugsunarvert að nánast öll sú löggjöf sem snýr að neytendavernd hér á landi er komin frá ESB í gegnum EES. Hér má nefna lög um neytendalán, skaðsemisábyrgð, samningsskilmála og fjarsölu svo eitthvað sé nefnt. Með fullri aðild Íslands að ESB myndi hagur neytenda aukast enn frekar, þar sem tollar og vörugjöld myndu falla brott. Þannig myndi til að mynda kostnaður við póstverslun lækka umtalsvert sem yrði mikil búbót fyrir neytendur á litlu markaðssvæði.

Íslenskir neytendur munu því njóta þess ríkulega í lægri húsnæðiskostnaði og vöruverði (og þá ekki síst matarverði) ef Ísland gerist aðili að ESB, þrátt fyrir þá tímabundnu efnahagserfiðleika sem ESB glímir við um þessar mundir.

# Evrópumet í skattahækkunum

Skattamál

Svana Helen Björnsdóttir
formaður Samtaka iðnaðarins



Nú standa yfir í London Ólympíuleikar og á hverjum degi berast fregnir af fræknum íþróttamönnum sem setja bæði ný Ólympíumet og heimsmet. Þetta eru fréttir sem við gleðjumst öll yfir.

Það eru þó ekki öll met jafnánægjuleg. Á sama tíma og íþróttamet eru sett birtast fréttir um að við Íslendingar eigum nú orðið Evrópumet í skattahækkunum, bæði á einstaklinga og fyrirtæki. Í gögnum sem KPMG hefur tekið saman og birtast í nýjasta tölublaði Viðskiptablaðsins kemur fram að skattar á einstaklinga og fyrirtæki hafa hækkað um þriðjung frá árinu 2008. Á sama tíma hafa aðrar Norðurlandaþjóðir almennt lækkað skatta.

Lífskjör almennings á Íslandi hafa versnað ár frá ári samanborið við önnur lönd í Evrópu sem við kjósum helst að bera okkur saman við. Rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja hefur versnað til muna og samkeppnisstaða þeirra veikst. Stjórnvöld standa ráðþrota frammi fyrir þeirri spurningu hvernig afnema skuli gjaldeyrishöft. Vörugjöld hafa verið hækkuð og skattar þyngdir samhliða því að skattkerfið allt hefur verið gert flóknara. Samhliða þessu hefur opinber eftirlitsiðnaður eflst og þykir mörgum sem þar fari menn offari við íþyngjandi eftirlit, aðgerðir og sektir sem hamla eðlilegum rekstri og vexti fyrirtækja. Aðgerðir eftirlitsiðnaðarins eru iðulega vanhugsaðar eða byggðar á vanþekkingu. Á Íslandi búa aðeins um 320 þúsund manns sem reyna að halda uppi þjóðfélagi með jafn mörgum úrlausnarefnum og glímt er við meðal margfalt stærri þjóða. Hér eru eftirlitsstofnanir margfalt fámennari en gerist meðal lítilla nágrannaþjóða eins og Norðurlandaþjóðanna. Burðir þeirra til að takast á við þau flóknu úrlausnarefni sem á borð þeirra rekur eru þeim mun minni. Sama á við um mörg önnur svið stjórnsýslunnar eins og ráðuneyti og dómstóla. Þessir aðilar hafa örfáa starfsmenn til að setja sig inn í flóknustu úrlausnarefni. Væri úr vegi að leita samstarfs við stærri þjóðir um ýmis verkefni stjórnsýslunnar, t.d. að útvista eftirlitinu til eftirlitsstofnana annarra landa á völdum sviðum? Er ekki hugsanlegt að slík lausn myndi kosta minna, leiða til vandaðri ákvarðana og vera laus við afleiðingar klíku- og kunningjaþjóðfélagsins?

Virðisaukaskattur er hér sá hæsti sem vitað er um en sá skattur leggst sérstaklega þungt á fólk með lág laun, enda fer stærri hluti tekna þess til neyslu en þeirra sem hafa hærri laun. Flóknara skattkerfi eykur svigrúm til undirskota sem skekkja alla samkeppnisstöðu. Virðisaukaskattur er í mörgum þrepum sem flækir verulega innheimtu hans, gefur kost á undanskotum og sýnt hefur verið fram á að margþrepa virðisaukaskattur kemur sér verst fyrir þá sem lægstar hafa tekjurnar.

Það er eins og gleymst hafi að alþjóðleg samkeppni um fólk, fyrirtæki og fjárfestingar nær einnig til Íslands. Þjóðartekjur á mann eru langminnstar á Íslandi af öllum Norðurlöndunum, þrátt fyrir allar auðlindirnar sem við eigum. Árið 2010 voru þær sem nemur um 4,4 m.kr. á mann hér á landi en 7,0 m.kr. á mann í Danmörku. Þær gríðarlegu skattahækkanir sem hér hafa orðið munu á endanum þrýsta fólki og fyrirtækjum burt frá landinu, e.t.v. því fólki og fyrirtækjum sem við viljum síst missa. Það mætti halda að stjórnvöld á Íslandi hafi kosið að leika með hinu liðinu á alþjóðlegum keppnisvelli lífskjara og hagsældar.

## AF NETINU

### Landið er ekki beitarhæft

Ég er nýbúinn að fljúga fram og til baka yfir Almenninga og hef flogið yfir þetta svæði áratugum saman.

Þegar horft er á árangurinn af friðun og uppgræðslu í Þórsmörk og það borið saman við ástand Almenninga er það broslegt þegar sagt er að búið sé að gera Almenninga beitarhæfa.

Flögin og jarðvegseyðingin á Almenningum eru á sama stigi og samsvarandi svæði voru í Þórsmörk fyrir tuttugu árum.

Þegar fé fór inn á þau svæði eftir upprekstur raðaði það sér í flögin þar sem mesta konfektið var, nýgræðingurinn, og sá til þess að hann væri algerlega eyddur áður en farið var á önnur beitarsvæði.

Nú munu um 9% Almenninga vera gróið land og 91% er berangur. Auðséð er hvað muni gerast ef fé verður að nýju hleypt inn á þetta svæði, sem nú er galopið.

omarragnarsson.blog.is

**Ómar Ragnarsson**

### Ný framboð eiga bágt

Nýir flokkar eiga erfitt uppdráttar í könnunum. Skást er dæmi Guðmundar Steingrímssonar, þótt ég sjái ekki, að hann hafi merkilegt til málanna að leggja. Annað en að hafa verið heiðarlegur á þingi og þá er auðvitað mikið sagt. Lilju Mósesdóttur gengur illa, enda er hún einfari, sem á erfitt með samstarf við aðra. Ég held að hún muni ekki ná sér á strik. Önnur framboð hafa ekki vakið á sér athygli, til dæmis ekki það, sem Hreyfingin styður. Ég sé ekki bóla á framboði stjórnlagaráðsmanna, enda eru afdrif stjórnarskrárinnar enn í þoku. Held að margir vonist eftir slíku framboði og vilji styðja það.

www.jonas.is

**Jónas Kristjánsson**

## Sendið okkur línu

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð, að hámarki um 4.500 tölvuslög með bilum. Aðeins er tekið við yfirlesnum og villulausum texta. Greinahöfundar eru beðnir að hafa í huga að því styttri sem greinin er, þeim mun líklegra er að hún fái skjóta birtingu.

Eingöngu er tekið við raunverulegum umræðugreinum, en ekki greinum sem eru fyrst og fremst kynning á til dæmis fyrirtæki eða félagasamtökum, ráðstefnu eða átaki. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða á Vísi eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



PIPAR\TBWA • SÍA • 122119
ABU GARCIA FRAMLEIÐIR VANDAÐAR VEIÐIVÖRUR, VINNUR STÖÐUGT AÐ ÞRÓUN ÞEIRRA OG SLÆR HVERGI AF Í GÆÐUM.
ENDURSÖLUAÐILAR:
ELLINGSEN AKUREYRI
ELLINGSEN REYKJAVÍK
HÚSASMIÐJAN
OLÍS
KAUPFÉLAG BORGFIRÐINGA
VEIÐIFLUGAN REYÐARFIRÐI
VEIÐIPORTIÐ
VEIÐISPORT Á SELFOSSI
VESTURRÖST
VEIÐIVON
Abu Garcia®
FOR LIFE.™

# Heilsudagar! Betra bak leggur



12 mánaða vaxtalaus lán á stillanlegum rúmum*

* 3,5% lántökugjald

Charlotte & Julien — Dream your world™

**30% afsláttur í ágúst**

**25% afsláttur í ágúst**



## Vönduð heilsurúm á frábæru verði!

**C&J Gold**

| Dýna, botn og lappir | ÁGUST-TILBOÐ |
|---|---|
| 160x200 - kr. 202.800,- | **141.960,-** |
| 180x200 - kr. 228.800,- | **155.900,-** |

**C&J Gold Mattress**

- Pokagormakerfi - 2000 gormar í 180x200
- Vandaðar kantstyrkingar
- Latex heilsu- og hægindalag
- Laserskorið Conforma Foam tryggir réttan stuðning við neðra mjóbak og mjúkt axlasvæði
- Silkimjúkt áklæði, hægt að taka efsta lag af

## Stillanlegt og þægilegt!

TEMPUR — DYNUR OG KODDAR



Charlotte & Julien — Dream your world™

## Stillanleg heilsurúm!

Fyrir þínar bestu stundir.

TEMPUR® Orginal eða Cloud heilsudýna á C&J stillanlegum botnum. 2x80x200 cm.

**ÁGÚST-TILBOÐ Kr. 578.550,-**

Verð 749.875,- **Þú sparar 171.325,-**

Upplifðu þægindi,
upplifðu stuðning,
upplifðu TEMPUR®

**Senseo** 2ja sæta svefnsófi

**ÁGÚST-TILBOÐ Kr. 309.000,-**

**Verð áður 412.000,-**



**Breidd:** 187 cm **Dýpt:** 95 cm
**Heilsudýna:** 140x200 cm
Fæst einnig breiðari og með tungu.



# www.betrabak.is

**betrabak@betrabak.is • Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477**

grunn að góðum degi.

TEMPUR
DÝNUR OG KODDAR





McGREGOR

**Baðsloppar fyrir dömur og herra – ný sending!**
**Fallegir og vandaðir baðsloppar, margar gerðir, litir og gott verð!**



## FLUFFY-DÚNSÆNGIN!

**ÁGÚST-TILBOÐ**
**Frábært verð kr. 41.900,-**
**Þú sparar 10.475 kr.**

Ekta hlý og mjúk dúnsæng fyllt með 800 gr. af dúnmjúkum Síberíugæsadún

20% afsláttur í ágúst



## SÆNGURVERASETT Í MIKLU ÚRVALI!

**15% afsláttur af öllum sængurverasettum!**

15% afsláttur í ágúst

Betra BAK

• Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566 • Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

# Úr vörn í sókn

Stjórnmál

Hilmar Oddsson

rektor Kvikmyndaskóla Íslands



Þær ánægjulegu fréttir bárust nýverið úr herbúðum ríkisstjórnarinnar að nú gætum við Íslendingar loks farið að rétta úr kútnum eftir allmörg mögur ár, botninum væri náð og fram undan væri betri, alltént skárri, tíð. Þjóðin hefur af skiljanlegum ástæðum verið í vörn síðan hún skoraði eitthvert eftirminnilegasta sjálfsmark sem nokkur þjóð hefur skorað á undanförnum áratugum.

Og þannig hefur það einnig verið hjá Kvikmyndaskóla Íslands (KVÍ). Ég kom til starfa við skólann haustið 2010 og frá fyrsta degi hefur taktíkin verið varnarleikur, gegn vilja okkar og metnaði, því við viljum leika sóknarleik og skora mikið af mörkum. Núna, tæpum tveimur árum síðar höfum við kannski einu sinni eða tvisvar komist yfir miðju og varla átt nema eitt skot á mark. Það var þegar við vorum formlega samþykkt í alþjóðasamtök 130 bestu kvikmyndaskóla heims, CILECT.

Það gerðist ekki á einni nóttu. Fyrst þurftum við að fara í gegnum ár reynsluaðildar, kollegarnir þurftu að tékka almennilega á okkur, hvort við værum samboðin samtökunum. Og viti menn, svo reyndist vera. Þrátt fyrir að við værum að reka einn ódýrasta kvikmyndaskóla Evrópu. Þrátt fyrir að aðstandendur skólans gætu ekki sýnt fram á örugga framtíð í verndarskjóli ríkisvaldsins. Þrátt fyrir ótal óvissuþætti í rekstri og ákveðna fordóma leikra sem lærðra.

Við vorum boðin velkomin í samtökin vegna þess að erlendir félagar okkar dáðust af dirfsku okkar og baráttuþreki. Einhverjir myndu eflaust segja fífldirfsku, en útlendingarnir sáu fyrst og fremst skóla sem framleiddi meira magn af frambærilegum nemendaverkum en margir skólar sem eru stærri, eldri og ríkari. KVÍ er auðvitað engan veginn eini kvikmyndaskólinn í álfunni sem hefur þurft að berjast fyrir tilverurétti sínum. Eitt af hlutverkum CILECT er að styðja við og standa vörð um gæði kvikmyndamenntunar. Þeir vita auðvitað að hagsæld og ríkidæmi er engin trygging fyrir listrænum afrekum. En í formi skatta. Og það er vel. En það er reyndar synd að vöxtur erfiðisins lendir einna síðast í vasa þeirra sem sköpu verðmætin, kvikmyndagerðarfólksins sjálfs.

Þetta horfir þó til bóta – að flestu leyti: Það gleymdist því miður að gera ráð fyrir undirstöðunni, menntuninni sjálfri. Að vísu er hópur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins að skila skýrslu um framtíðarskipan kvikmyndamenntunar á Íslandi á næstu dögum, og það verður fróðlegt að sjá hverjar tillögur þeirra verða. En á meðan við bíðum hangir framtíð eina starfandi kvikmyndaskóla landsins í algerri óvissu. Skóla sem hefur borið hróður íslenskrar kvik-

> Íslensk stjórnvöld hafa að undanförnu sýnt að þau gera sér fulla grein fyrir mikilvægi kvikmyndagerðar fyrir íslenskt þjóðarbú.

þeir vita jafnframt að af engu vex ekkert. Þeir vissu að hin ört vaxandi list- og atvinnugrein sem kvikmyndagerðin er á Íslandi þyrfti sterkt bakland, frjóa jörð. Og þeir treystu KVÍ til að vera sá jarðvegur.

Íslensk stjórnvöld hafa að undanförnu sýnt að þau gera sér fulla grein fyrir mikilvægi kvikmyndagerðar fyrir íslenskt þjóðarbú. Þingmenn hafa lofað þennan umhverfisvæna og ört vaxandi tekjustofn. Enda má segja að uppskera af vinnu íslenskra sem erlendra kvikmyndagerðarmanna á Íslandi lendi fyrst og fremst í vasa ferðaþjónustunnar, hjá flugfélögum, verslunum og almennri þjónustustarfsemi, svo ekki sé minnst á þær tekjur sem ríkið fær myndagerðar langt út fyrir landsteinana. Skóla sem hefur vaxið og dafnað á undanförnum árum og er um þessar mundir að fagna tuttugu ára afmæli.

Það væri sannarlega stórmannleg og glæsileg gjöf skólanum og kvikmyndagerðinni á Íslandi til handa, ef menntamálaráðherra myndi á næstunni bjóða skólanum þjónustusamning til nokkurra ára, samning sem gerði skólanum kleift að starfa með eðlilegum hætti, að mennta fólk sem stenst alþjóðlegar kröfur um faglegt vinnubrögð, að snúa vörn í sókn, og koma boltanum loks yfir miðju og (við eigum nefnilega öfluga markaskorara) skora glæsileg mörk sem koma Íslandi endanlega á blað.

# Hugleiðing heimilislæknis

Heilsa

Salóme Ásta Arnardóttir

heimilislæknir



Enn á ný berst heimilislæknaskortur í tal í fjölmiðlum. Fyrir skömmu kom yfirlæknir bráðamóttöku Landspítalans fram í sjónvarpi og sagði frá því að fólk kynni ekki að leita sér aðstoðar í heilbrigðiskerfinu og kæmi því óþarflega oft á bráðamóttöku með sín veikindi, slys og áhyggjur af heilsu, vandamál sem annars ættu heima í heilsugæslunni sem er undirmönnuð og þreytt. Heimilislæknum fer ört fækkandi þó verkefnin séu næg, því að þótt þjóðin hafi aldrei verið hraustari þá höfum við heldur aldrei verið óöruggari um heilsu okkar og þegar áhyggjur gera vart við sig þá er nauðsynlegt að eiga einhvern að til að viðra áhyggjur sínar við og leita ráða hjá.

Iona Heath, formaður breska heimilislæknafélagsins, hélt ræðu á degi William Harveys í október 2011. Þar gerði hún að umtalsefni meðal annars áhrif atburða á ævisögu á sjúkdóma einstaklinga, það sem Linn Getz hefur verið óþreytandi í að miðla okkur Íslendingum undanfarin ár, m.a. á læknadögum í vetur í fyrirlestrinum „Máttur tengsla. Áhrif lífsreynslu á heilsufar“. Allir læknar hafa reynslu af því hvernig lífið fer með fólk. Ofbeldi, slys og langvinn streita skaða líkama og sál. Áföll á barnsaldri, svo sem líkamleg, tilfinningaleg eða kynferðislegt áreiti/ofbeldi og fleira það sem vekur þá hugsun að lífið hafi svikið eða farið ranga braut, auka hættu á alvarlegum veikindum og dauða fyrr en ella. Fátækt, misskipting auðs og kynþáttahatur hafa líka áhrif á líkamlega heilsu fólks og einnig þeir dómar heilbrigðiskerfisins sem sjúkdómsgreiningar eru. Mikið hlakka ég til þegar hægt verður að setja inn í reiknilíkani áhættuþátta á www.hjarta.is hjartasár fólks, niðurlægingu og vonbrigði, þá væri kannski mark á takandi. Í ljósi tengsla áfalla og veikinda ættum við að leggja af gamaldags viðhorf um sekt og sjúkdóma. Í samræmi við heimsýn okkar um himin og helvíti hefur heilbrigðisvísindum fyrri ára tekist að leiða almenningi fyrir sjónir að sjúkdómar og heilsubrestir séu refsing fyrir syndsamlegt líferni. Við boðum að með líferni sem lágmarkar áhættuþætti sjúkdóma fleytum við lífinu í átt að ódauðleikanum. En það er ekki sanngjarn boðskapur?

Sérgrein heimilislækninga er eitt af mörgu sem stórveldinu Bretlandi hefur tekist að miðla heimsbyggðinni. Tveir hópar lækna með sömu grunnmenntun eru þar grundvöllur heilbrigðiskerfisins, annar hópurinn tekur að sér þjónustu við ákveðinn hóp fólks en hinn hópurinn tekur að sér sérhæfða þjónustu við sjúkdómaflokka. Þessar tvær nálganir læknisþjónustu bæta hvor aðra upp og getur hvorug án hinnar verið. Sérgreinalæknar og háskólasamfélagið hafa byggt upp stórkostlega þekkingu á sjúkdómum, tilurð þeirra, flokkun og meðferð og heimilislæknar og þeirra fræðasamfélag njóta góðs af sambandi sínu við fólk yfir langan tíma.

Í vel starfandi heilsugæslu sjáum við sjúkdóma ekki sem stöðugt fyrirbæri heldur fylgjumst með fólki frá því áður en sjúkdómurinn heitir nafni og er varla einkenni, kannski smá brot í sálinni í lífsins ólgusjó. Og við sjáum líka hvernig veikindi verða hluti af lífi fólks og samfélags, krefjast síns pláss og hafa áhrif á sögu þeirra sem tengjast fjölskyldu- og tilfinningaböndum. Við fáum jafnvel stundum að fylgjast með samhengi milli kynslóða. Heyrum af langömmu sem leitaði gæfunnar á mölinni, sveitarómagi með króga upp á arminn. Síðar hvernig vonbrigði og vonleysi kenndi dóttur hennar æðruleysi sem jaðrar við tómlæti gagnvart lífinu. Við fylgjumst árum saman með þessari lítillátu fjölskyldu, þar sem fæstir hafa framfæri sitt af vinnu, langömmubörnin sem fá sjúkdómsgreiningar nútímans og meðhöndlun við eirðarleysi í skólanum, en foreldrarnir fá greiningar á æðasjúkdómum, sem venjulega kallast ellimörk, fyrir fertugt svo tekið sé dæmi úr mínu „samlagi“.

Ég var nefnilega svo lánsöm að taka við samlagi. Hóp fólks sem var tengt sínum lækni. Frá lækni sem hafði byggt upp traust og tengsl við sinn hóp og var að auki í samfélagi samstarfsfólks á sinni heilsugæslu. Svona tengsl sem gera það mögulegt að kynnast fólkinu sínu þannig að þegar áföll og veikindin gera vart við sig geta læknir og skjólstæðingur velt fyrir sér ástæðum og þýðingu veikindanna með tengingu í lífshlaup viðkomandi auk þess að koma á samstarfi um greiningu og meðferð, gefið veikindum meiningu í lífinu. Tengsl fólks við sinn heimilislækni verður sumpart ekki metið til fjár, en þó hefur verið reiknað út að heilbrigðiskerfi sem byggir á heilsugæslu og heimilislækningum gefur betri árangur og borgar sig fjárhagslega til framtíðar.

Ég á mér þann draum að hver einasti Íslendingur geti í framtíðinni sagt hver hans heimilislæknir sé.

*Heimild: Heath, I. (2011). Divided we fall. Royal College of Physicians, 18. október 2011, sótt 4. desember 2011 af http://www.rcplondon.ac.uk/sites/default/files/harveian-oration-2011-web-navigable.pdf*

# Sanngjarnt hvatasamfélag í stað sérhagsmuna og forræðishyggju

Samfélagsmál

Guðmundur G. Kristinsson

sölu- og markaðsstjóri



Samfélagsgerð er afleiðing af umhverfi sem þróast í langan tíma. Foreldrar skapa umgjörð í uppeldi sem leggur grunn að hugarfari þeirra barna og börnin beita síðan sömu aðferðum í uppeldi sinna barna. Það eru mikil tengsl á milli foreldra og barna í menntun, tekjum og lífsmunstri og foreldrar eru í uppeldinu að leggja grunn að lífsmunstri sinna barna.

Sú samfélagsgerð sem stjórnmálamenn skapa, er sambærileg við það sem foreldrar skapa í uppeldi. Eru stjórnmálamenn að skapa samfélag sem byggir á sanngirni, réttlæti og trausti eða samfélag sem byggir á eigingirni, afskiptaleysi og að hver sé sjálfum sér næstur? Stjórnmálamenn hafa verið slæmir foreldrar og hafa ekki skapað gott samfélag. Þeir hafa skapað samfélag sérhagsmuna, mismunað þjóðfélagshópum, komið vinum og vandamönnum í störf og embætti og stuðlað að forgangi vina og vandamanna í atvinnulífi og fyrirtækjarekstri.

Við sjáum þriðju kynslóð stjórnmálamanna ætla að leiða okkar samfélag, en eru þessir aðilar ekki bara að tryggja sérhagsmuni, sem þeirra fjölskylda hefur byggt upp í kynslóðir? Ný gerð stjórnmálamanna gerir grín að helstu gildum samfélagsins, en er samt að gera betri hluti en margir aðrir. Síðan er það reiða fólkið sem lofar samfélagslegum breytingum í nýjum stjórnmálaflokki, en breytingar byggðar á reiði skapa varla gott samfélag.

Í okkar samfélagi er mikið af sérhagsmunahópum sem draga til sín peninga, völd og áhrif. Við erum föst í þeirra neti og nú ráða peningamenn, eigendur fiskveiðiheimilda, fjármálastofnanir, stjórnmálaflokkar, lífeyrissjóðir, verkalýðsfélög og trúfélög of miklu um þróun okkar samfélags. Almenningur hefur gefist upp og sér enga leið til að breyta stöðunni, sem sést vel á því að traust á Alþingi og stjórnmálamönnum hefur aldrei verið minna.

Í samfélaginu eru að þróast sífellt stærri hópar minni máttar, s.s. öryrkja, atvinnulausra, eldri borgara, fátækra, einstæðra foreldra og fleiri og samfélagið nánast framleiðir fólk inn í þessa hópa. Á nokkrum árum hefur 10% af þjóðinni sem áttu 35% af þjóðarauðnum, tekist að hækka það hlutfall í 45% eða næstum helming af öllum verðmætum í landinu. Í þessum tölum endurspeglast aukin misskiptingin sem er afleiðing af hagsmunagæslu stjórnmálamanna í áratugi.

- Er hvati til frumkvæðis í atvinnulífinu?
- Eru opinberir aðilar að styðja við bakið á atvinnulífinu?
- Eru álögur á atvinnulífið sanngjarnar?
- Eru álögur á einstaklinga og fjölskyldur eðlilegar?
- Er framlag til menntunar og félagslegs umhverfis eðlilegt?
- Er stuðningur við almenning í heilbrigðismálum eðlilegur?
- Eru öryrkjar og aldraðir að fá mannsæmandi framlög til framfærslu?
- Er fólk að fá sanngjarnt framlag að lokinni langri vinnuævi?

Hugarfar okkar er í samræmi við það sem stjórnmálamenn skapa á hverjum tíma. Ábyrgð stjórnmálamanna sem skapa samtímalega samfélagsumgjörð á hverjum tíma, er því mikil.

- Samfélagið þarf að tryggja að fólk geti borið ábyrgð á sínu lífi.
- Samfélagið þarf að skapa möguleika á vali um leiðir sem henta hverjum og einum.
- Samfélagið þarf að tryggja að fólk hafi sjálfsákvörðunarrétt um sitt umhverfi.
- Samfélagið þarf að tryggja að sanngjarnir og sambærilegir valkostir standi öllum til boða.
- Samfélagið þarf að tryggja að einstaklingar eða hópar hafi ekki forréttindi fram yfir aðra.
- Samfélagið þarf að koma í veg fyrir óeðlilega hagsmunagæslu eða sérhagsmuni.
- Samfélagið á ekki að stuðla að forræðishyggju eða miðstýringu einhverra hagsmunaafla.

Það þarf að byggja upp eðlilegt hvatasamfélag sem gefur fólki tækifæri til að vaxa og dafna á eigin forsendum.

> Við sjáum þriðju kynslóð stjórnmálamanna ætla að leiða okkar samfélag, en eru þessir aðilar ekki bara að tryggja sérhagsmuni, sem þeirra fjölskylda hefur byggt upp í kynslóðir?

Samfélag með hvata fyrir aldraða til að njóta ávaxta af sínu sparifé, hvata fyrir atvinnulausa til að fara á atvinnumarkaðinn, hvata fyrir öryrkja til að skapa sjálfsaflaumhverfi, hvata fyrir fólk til að mennta sig, hvata til að efla vísindi og rannsóknir, hvata fyrir stofnun nýrra fyrirtækja, hvata fyrir fjárfesta til atvinnuuppbyggingar, hvata til að fjölga atvinnutækifærum og svo mætti lengi halda áfram.

Samfélagið verður aldrei betra eða verra en við sjálf erum á hverjum tíma. Við ákveðum hvort við látum klíkuhópa ræna landinu eða hvort við sköpum aðhald og farveg fyrir heiðarlegt, sanngjarnt og traust samfélag.

Við erum sjálfstæð í hjarta okkar, viljum standa á eigin fótum og bera ábyrgð á eigin umhverfi. Við erum framkvæmdafólk í eðli okkar og samfélagið þarf að stuðla að stuðningi til að okkar frumkvæði geti skapað uppbyggingu. Við þurfum heilbrigðan, heiðarlegan og hófsaman stjórnmálaflokk sem byggir á þessum gildum. Við þurfum Lýðfrelsisflokkinn, hófsaman hægri borgaraflokk sem vill stuðla að jákvæðum breytingum til uppbyggingar í samfélaginu.

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## ÚTILÝSING

Við Fellsmúla - Reykjavík

**INNFELLD LED LJÓS Í PALLA, VEGGI OG LOFT**

9.995
5W - garðsett 3 stk. m/spenni

8.995
1W - garðsett 3 stk. m/spenni

**NIÐURGRAFIN LJÓS, LED OG 12V**

12V 6.995

LED 7.795

**ÚTIKASTARAR, LED OG 12V**

LED 5.995

12V 3.590

12V 2.995

**INNFELLD LED LJÓS Í VEGGI OG PALLA**

8.995 7.995

7.995

**ÚTILJÓS, LÝSA UPP OG NIÐUR**

5.995 5.995

**ÚTILJÓS, LÝSA UPP OG NIÐUR**

5.995 5.995

## ÚTILJÓS LÝSA UPP OG NIÐUR

4.795 4.995 4.995 5.995

G9 25W

**INNFELLD LJÓS Í VEGGI OG LOFT**

2.995

**ÚTI OG INNILJÓS** Litir: króm og hvítt

4.495
með sparperu 28W

3.795
með sparperu 16W

4.295
með sparperu 28W

3.395
með sparperu 16W

**ÚTILJÓS**

995

**ÚTILJÓS**

3.295

3.295

**ÚTILJÓS**

995

995

995

**ÚTILJÓS** Litir: svart, hvítt, grátt

1.995 1.995

1.995 1.995

**ÚTILJÓS** Litir: svart, hvítt, grátt

3.995 3.995

**ÚTILJÓS** Litir: svart, hvítt, grátt

3.995 3.995

3.595 3.595

**ÚTILJÓS** Litir: svart, hvítt, grátt

3.995 3.995

3.595 3.595

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ:
Mán. til fös. kl. 9-18
Laugard. kl. 10-16

# tímamót

timamot@frettabladid.is



46 **JIMMY WALES,** stofnandi vefsíðunnar Wikipedia, á afmæli í dag.

*„Ímyndið ykkur heim þar sem hver einasti einstaklingur á plánetunni hefur frían aðgang að allri mannlegri vitneskju. Við vinnum að því.“*

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SÓLVEIG KRISTJÁNSDÓTTIR**
**áður til heimilis að Nökkvavogi 42, Reykjavík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks miðvikudaginn 1. ágúst sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Páll K. Gunnarsson** — **Esther Þorgrímsdóttir**
**Guðmundur Gunnarsson** — **Bjarma Didriksen**
**Sigurður D. Gunnarsson** — **Anna S. Gunnarsdóttir**
**Oddur Gunnarsson** — **Áslaug Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁLFHEIÐUR ÁRMANNSDÓTTIR**
**frá Skógum,**
**Lindasíðu 4, Akureyri,**

er látin. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju föstudaginn 10. ágúst kl. 13.30.

**Anna Soffía Sverrisdóttir**
**Sverrir Brynjar Sverrisson** — **Elín Sigurðardóttir**
**Þóra Sverrisdóttir**
**Þorsteinn Berg**
**Sólrún Sverrisdóttir** — **Óskar Steingrímsson**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**AUÐUR PÉTURSDÓTTIR**
**Mýrarási 3, Reykjavík,**

lést á deild 11E á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 30. júlí. Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju í Reykjavík fimmtudaginn 9. ágúst kl. 13.00.

**Ríkharður Sverrisson**
**Pétur Kristmanns** — **Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir**
**Ríkharður B. Ríkharðsson**
**Margrét Ríkharðsdóttir**
**Guðlaugur Geir Kristmanns**
**Ríkharður Kristmanns**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN ÓLAFSDÓTTIR**
**DÚNNA,**
**Lækjasmára 4, Kópavogi,**

lést fimmtudaginn 26. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 8. ágúst kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sumardvöl fatlaðra í Reykjadal, kt. 630269-0249, banki 549-26-10.

**Halldór Ólafsson** — **Gyða Þórisdóttir**
**Inga Ólafsdóttir** — **Guðmundur Jónsson**
**Sigrún Ólafsdóttir** — **Guðmundur Ingi Ásmundsson**
**Ómar Örn Ólafsson** — **Sigurbjörg Alda Guðmundsdóttir**
**Gunnar Ólafsson** — **Brynhildur Ásgeirsdóttir**
**Ólafur Jóhann Ólafsson** — **Sigríður Einarsdóttir**
**barnabörn og langömmubarn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞÓRHILDUR RAGNA KARLSDÓTTIR**
**Hjarðarhaga 26,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni fimmtudaginn 19. júlí. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 8. ágúst kl. 15.00.

**Karl Þorsteinsson** — **Margrét Geirrún Kristjánsdóttir**
**Guðbjörg Þorsteinsdóttir** — **Halldór Bjarnason**
**Baldur Þorsteinsson** — **Linda Udengaard**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

---



**AFMÆLI** Guðný Þóra er í skýjunum með fimm ára afmæli Tónlistarhátíðar unga fólksins, sem hefst á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

TÓNLISTARHÁTÍÐ UNGA FÓLKSINS: HEFST Í FIMMTA SINN Á MORGUN

# GERÐUM ÞETTA BARA SJÁLF

„Hátíðin hefur verið í fyrsta sæti hjá okkur sem að henni stöndum síðustu daga, hjá okkur í framkvæmdastjórninni, öllum kennurunum og þeim sem taka þátt. Þetta er stór hópur og mikil tilhlökkun,“ segir Guðný Þóra Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Tónlistarhátíðar unga fólksins sem hefst á morgun, miðvikudaginn 8. ágúst, á menningartorfu Kópavogs og stendur yfir til 19. ágúst. Hátíðin var fyrst haldin árið 2008 og fagnar því fimm ára afmæli sínu í ár, en með Guðnýju Þóru í framkvæmdastjórn sitja þær Elín Ásta Ólafsdóttir og Gunnhildur Daðadóttir. Tilgangur hátíðarinnar er að gefa tónlistarnemum tækifæri til að kynnast og taka þátt í samspili og tónlistarsköpun, auk þess að gefa þeim kost á að sækja fjölbreytta tónleika og fyrirlestra. Um hundrað nemar taka þátt í ár.

Hugmyndin að Tónlistarhátíð unga fólksins kviknaði upphaflega meðal Guðnýjar Þóru og fleiri ungra tónlistarnema sem þótti vanta vettvang fyrir íslenska tónlistarnema til að sinna list sinni yfir sumartímann. „Eftir áralöng ferðalög á námskeið, hátíðir og annað slíkt á sumrin fórum við að spyrja okkur að því hvers vegna ekki væri völ á slíku á Íslandi og hvers vegna enginn hefði reynt þetta hér á landi. Í rauninni ákváðum við hreinlega að slá til og gera þetta bara sjálf,“ segir Guðný Þóra og bætir við að nú fimm árum síðar séu aðstandendur hátíðarinnar í skýjunum yfir viðtökunum. „Það virðist vera að hér ríki grundvöllur og mikill áhugi á svona hátíð. Við höfum fundið okkar farveg, bæði hvað varðar fjölda nemenda og fjölda námskeiða. Það væri gaman að geta tekið við fleiri, sérstaklega nemendum erlendis frá því víða um heim ríkir mikill áhugi á íslenskri tónlist og kennararnir okkar trekkja að, en þá myndum við sennilega sprengja húsnæðið utan af okkur.“

Sem fyrr leitast skipuleggjendur hátíðarinnar við að bjóða þátttakendum upp á fjölbreytta dagskrá sem samanstendur meðal annars af einkatímum í hljóðfæraleik og einsöng, kammertónlist og tilsögn í sviðsframkomu, tónlistarspuna, jóga og Alexandertækni og fleira. Í lok hátíðarinnar eru fjölmargir nemendatónleikar þar sem þátttakendur fá tækifæri til að koma fram bæði í Salnum í Kópavogi og í Hörpunni á Menningarnótt. Þá eru sex fyrirlestrar á dagskrá hátíðarinnar að þessu sinni og spanna umfjöllunarefni þeirra allt frá barokki til rapptónlistar, auk þess sem haldið verður málþing um framtíðarsýn íslenskra tónskálda.

Sjálf tónleikaröðin samanstendur af átta tónleikum þar sem lögð er áhersla á að kynna ungt tónlistarfólk, auk þess sem kennarar á námskeiðum hátíðarinnar koma fram. „Á tónleikunum kemur afburðafólk fram,“ segir Guðný Þóra og nefnir meðal annars Strengjasveitina Skark sem flytur tvö ný verk, Arngunni Árnadóttur sem er nýráðin fyrsti klarinettuleikari Sinfóníunnar og Huldu Jónsdóttur, eina björtustu von íslenska fiðluheimsins. Nánari upplýsingar um dagskrá hátíðarinnar er að finna á Musicfest.is.

kjartan@frettabladid.is

# Draumar Sólrúnar og Önnu

Nýlegt 64 fm. heilsárshús á tæplega hektara eignarlóð á árbakka við Eystri Rangá. Tvö svefnherbergi auk svefnlofts, rúmgóð björt stofa með mikilli lofthæð og fallegri kamínu. Eldhús með viðarinnréttingu með góðu skápaplásssi,Húsið er parkelagt og steypt gólfplata og gólfhiti. Sólpallur með tveimur hliðum. Einstakt útsýni. V. 14.9 Uppl. Sigþór s:899 9787

### Sumarhús Kjós - Eignarland



Gott 51,4 fm Sumarhús auk 12,2 fm gestahúss, samtals 63,6 fm á eignarlandi í Kjósinni. Húsið er nánast tilbúið að utan og pallar komnir upp. Að innan er verið að slá upp milliveggjum og einangra og búið að panil klæða hluta af veggjum. Þetta er kjörin kaup fyrir laghenta til þess að klára. V 12,5 m. Landið er eignarland og er það afgirt og búið er að planta miklum trjágróðri á það. Uppl. Sigþór s: 899 9787.

## Nýbygging

### Friggjarbrunnur - nýtt hús.



Vorum að fá í sölu nýtt 6 íbúðar hús við Friggjarbrunn. Öllum íbúðum fylgir stæði í innbyggðu bílskýli. Stórar svalir, íbúðir afh. fullbúnar, án gólfefna,nema bað og forstofa og þvottahús verða flísar. Íbúðir eru til afhendingar í haust. Traustur byggingaraðili. Minsta íbúð er 55 fm en sú stærsta 200 fm. með 120 fm útsýnissvölum. Nánari uppl. Ellert 893-4477 og Heiðar 693-3356

## Eldri borgarar.

### Grandavegur - falleg úsýnisíbúð f. eldri borgara.



Velskipulögð 87 fm 3ja herb. íbúð á 4.hæð í eftirsóttu lyftuhúsi f. Eldri borgara. Gott eldhús, stofa m. innfeldum útsýnissvölum, 2 góð sv.herb. þvottaherb., og bað m. sturtu. Í sameign er m.a. Mötuneyti, heilsurækt, Húsvörður, samkomusalur, og fl. Laus strax. Verð 26 millj. Uppl. veitir Ingólfur Giss. Lg.fs. 896-5222

## Mikil sala - Óskað eftir

- Grafarvogur – 3ja herb með miklu áhvílandi fyrir traustan kaupanda. Uppl. Sigþór sími 899 9787
- Gamli Vesturbær 101 Rvk. Vantar 3ja herb. Uppl. Sigþór sími 899 9787
- Hæð í vesturbænum eða Þingholt, 150-200 fm V. 40-60 millj. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520
- Einbýli – Raðhús – Parhús. Fyrir traustan kaupanda. 4-5 svefnh. Ýmsar staðsetningar á höfuðborgarsvæðinu koma til greina. V 35 -45 m Uppl Sigþór 899 9787
- 3-4ra herb íbúð á svæði no. 104,405,108 v. 20-25 millj. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520
- 3ja herb íbúð með 95-100% yfirtöku, sölulaun greidd. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520
- Sumarhús í Grímsnesi ca 50-70 fm að stærð V. 13-20 millj. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520
- 2ja eða 3ja herbergja íbúð við Gullsmára. Nánari uppl. Ellert 893-4477
- 2ja herbergja íbúð við Lindargötu eða Skúlagötu fyrir eldri borgara. Nánari uppl Ellert 893-4477
- 5 herbergja íbúð með miklu áhv. Nánari uppl. Ellert 893-4477
- Llitlar íbúðir í 101 eða 105 meiga þarfnast standsetningar. Nánari uppl. Ellert 893-4477
- 4ra herbergja íbúð í Grafarvogi, staðgreitt. Uppl. Bárður S: 896-5221
- 3-4ra herbergja, 110-140 fm íbúð í Sjálandshverfi. Uppl. Bárður S: 896-5221

**Mikil sala - Vantar allar tegundir eigna í sölu. Leitið upplýsinga hjá sölumönnum. Sími 588-4477.**

Stakfell | Grunnur að góðu lífi :: 535_1000

Aðalheiður Karlsdóttir
Lögg. fast. fyrirt. og skipasali

Grétar Haraldsson hrl.
Lögg. fast. fyrirt. og skipasali

Fasteignasala . Skúlatún 2 . 105 Rvk

stakfell.is

Fax 535 1009



**Rauðamýri - 270 Mos**
143,1 fm 4ra herb. endaíbúð með sérinngang. Eigninni fylgir stæði í bílageymslu. Þvottahús innan íbúðar. Stór L laga verönd þar sem búið er að gera ráð fyrir heitum potti. Veröndin er afgirt. **Laus til afhendingar strax.**



**Birkigrund - 200 Kóp**
Glæsilegt og vel við haldið einbýlishús á besta stað innst í lokaðri götu. Gott skipulag, teiknað af Kjartani Sveinssyni. Fallegur garður og rúmgóður bílskúr. **LÆKKAÐ VERÐ: 54,9 millj.**

**Höfum kaupanda að raðparhúsi eða einbýli í Ásahverfinu í Garðabæ**

**Höfum kaupanda að 3-4ra herbergja íbúð á jarðhæð í Grafarvogi eða Norðlingaholti**

**Erum með ákveðna kaupendur að eignum með leigusamningum**

**Höfum sterkan leigjenda að einbýlishúsi í Garðabæ.**



**Hraunbær - 110 Rvk**
91,1 fm 3ja herb. íbúð á 1. hæð í grónu og barnvænu hverfi. Rúmgóðar svalir. Góð sameign, stutt í verslanir, skóla og leikskóla. **LAUS STRAX Verð: 18,5 millj.**



**Álfkonuhvarf - 203 Kóp**
120,7 fm falleg og björt 4ra herb. íbúð á 2. hæð í fjölbýli með svölum. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, bað, 3 svefnh. þvottah. og geymslu. Stæði í bílgeymslu. **Verð: 29,5 millj.**



**Háholt - 270 Mos**
3ja herbergja bjartar nýuppgerðar íbúðir. Forstofa, bað, stofa, eldhús, svefnh. og stórar svalir.



**Sogavegur - 108 Rvk**
581,6 fm einbýlishús á 2,300 fm skógi vaxinni lóð og því fylgir einnig önnur samliggjandi 3,700 fm lóð. Hægt væri að skipta húsinu upp í nokkrar íbúðir.



**Laugavegur - 101 Rvk**
Glæsileg uppgerð heildareign við Laugaveg. Húsið skiptist í verslunarrými á jarðhæð og 5 íbúðir á 2. og 3. hæð. Góður fjárfestingakostur þar sem eignin er öll í útleigu með langtíma leigusamningum.



**Mánatún - 105 Rvk**
91.6 fm ný 2ja herb. íbúð í þessu fallega lyftuhúsi. Hátt til lofts, góð hljóðeinangrun, gott skipulag. 2 stæði í bílageymslu. **Verð: 36,9 millj.**



**Sævangur - 220 Hfj**
459,4 fm einbýlishús á 3 hæðum. Húsið stendur við hraunjaðarinn og er útsýni af efri hæðum yfir hraunið og út á sjó. Á neðri hæð hafa verið innréttaðar 3 2ja-3ja herb. **Verð: 69,9 millj.**



**Otrateigur - 105 Rvk**
Glæsilegt og vel við haldið raðhús á besta stað í Laugarneshverfinu. Húsið er mikið endurnýjað bæði að utan sem innan. Snyrtilegur garður og gott skipulag. **Verð: 49,6 millj.**



**Eyktarás - 110 Rvk**
250 fm falleg 6 herb. íbúð með bílskúr í tvíbýlishúsi. Stórar svalir í suðvestur. Rúmgott þvottahús. **LAUS STRAX. Verð: 47,9 millj.**



**Hraunbær - 110 Rvk**
Snyrtileg 3ja herb. íbúð á 3ju hæð (efstu). Talsvert endurnýjuð. Sér inngangur af svölum. Mögul. að yfirtaka hagstæð lán. Laus fljótlega. **Verð: Tilboð.**



**Hraunteigur - 105 Rvk**
101,2 fm mikið endurnýjuð 3ja herb. íbúð á jarðhæð með sérinngang. Íbúðin skiptist í anddyri, baðherbergi, eldhús, stofu, tvö svefnherbergi og þvottahús í sameign. **Verð: 31,9 millj.**



**Norðurbakki - 220 Hfj**
Glæsilegar 3ja og 4ra herbergja fullbúnar íbúðir (án gólfefna) með stæði í bílgeymslu. Þessi bygging er við sjávarbakkann og afhending íbúða í maí/júní 2013.



**Ásgarður - 108 Rvk**
57,9 fm falleg 2ja herb. íbúð á 3. hæð með glæsilegu útsýni til suðurs yfir Fossvoginn og Kópavog. Sérinngangur af norðursvölum. Opin og björt íbúð. **Verð: 17,9 millj.**



**Hraunbrún - 220 Hfj**
159,2 fm fallegt einbýlishús á tveimur hæðum auk kjallara. Húsið er innst í botnlanga á rólegum stað í Hafnarfirði. Eignin er laus til afhendingar strax. **Verð: 38,9 millj.**



**Melbær - 110 Rvk**
278,1 fm fallegt endaraðhús á 3 hæðum. Kjallari og 2 hæðir ásamt bílskúr. Möguleiki á aukaíbúð í kjallara. Fallegur garður með palli. Möguleg skipti á minni íbúð. **Verð: 55,9 millj.**



**Hafnarstræti - 600 Akureyri**
55,1 fm vel staðsett 2ja herb. íbúð 5. hæð í fjölbýli með lyftu. Svalir eru til austurs með miklu útsýni út á pollinn. Þessi íbúð gæti hentað sem orlofsíbúð. Hugsanleg skipti á íbúð í 101 Rvk.



**Tjarnargata 35 - 101 Rvk**
Til leigu 395,6 fm glæsilegt og mikið endurnýjað hús við Tjarnargötu. Eignin er á 3 hæðum og tvö sérstæði á lóð fylgja. Húsið er staðsett neðan götu með útsýni yfir tjörnina.



**Borgartún 8-16 - 105 Rvk**
Til leigu 250 fm verslunarhúsnæði á jarðhæð við Borgartún í Reykjavík. Möguleiki er á að skipta verslunarrýminu í tvö aðskilin rými. **LAUST STRAX.**



**Suðurlandsbraut 12 - 108 Rvk**
Til leigu 2,504 fm skrifstofuhúsnæði á mismunandi hæðum í þessu glæsilega húsi við Suðurlandsbraut. Húsnæðið er alls 4.071 m2. og er laust til leigu í dag 83 bílastæði fylgja húsinu.



**Vatnsstígur 16-18 - 101 Rvk**
Nýjar glæsilegar íbúðir 95 - 180 fm fullbúnar íbúðir án gólfefna. Stæði í lokaðri bílageymslu. Mikið útsýni yfir sundin blá. Suðursvalir. **Sjá nánar á www.skuggabyggd.is**

Stakfell.is | :: 535_1000

# heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson, lögg.fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson, lögg. fasteignasali
Gústaf Adolf Björnsson, lögg. fasteignasali
Erla Dröfn Magnúsdóttir, lögfræðingur
Ruth Einarsdóttir, sölufulltrúi
Ásdís Írena Sigurðardóttir, skjalagerð

Finndu okkur á Facebook

**530 6500** Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is **530 6500**


## Hvassaleiti 58

103 Reykjavik
Falleg íbúð á 3. hæð

**Stærð: 77,7 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 1985**
**Fasteignamat: 19.200.000**

RE/MAX Alpha




**Miðvikudaginn 8. ágúst kl. 18:00-18:30**

**Verð: 22.900.000**

REMAX / Alpha kynnir fallega íbúð í Hvassaleiti 58 - VR húsinu.
Íbúðin er á þriðju hæð með svalir í s-v. Stofa og eldhús eru með fallegu viðarparketi. Í eldhúsi er hvít innrétting. Baðherberið er með hvítum flísum. Svefnherbergið er með korkflísum á gófli.
Falleg og vel með farin íbúð á þessum eftirsótta stað í Reykjavík. Íbúðin er laus til afhendingar mjög fljótlega. Áhvílandi 14.5m. Allar upplýsingar veitir Davíð Ólafsson í síma 897 1533 eða david@remax.is og Reynir Logi lögg.fast s. 4777777



Davíð Ólafsson
Sölufulltrúi
**897 1533**
david@remax.is



Reynir Logi Ólafsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
reynir@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**


# GÓÐ SALA
## VANTAR EIGNIR Á SKRÁ

*Hringdu núna og fáðu frítt söluverðmat*

**820 8081**

Sylvia Walthers sylvia@remax.is
*Sölufulltrúi*




RE/MAX Alpha

SKEIFUNNI 17 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 477 7777 • WWW.REMAX.IS


# Atvinnueignir

Löggild leigumiðlun og fasteignasala




### Til sölu iðnaðarbil við Suðurhraun í Garðabæ

Húsnæðið skiptist í 190 fm. iðnaðarhluta og um 65 fm. skrifstofur á 2. hæð, samtals um 255 fm. Stórar innkeyrsludyr og inngöngudyr eru á framhlið. Málað gólf með niðurföllum. Þrjú lokuð rými eru á jarðhæð auk salernis með sturtu. Útgangur er bakatil út á lóð en þar er gott geymslupláss. Olíuskilja er til staðar. Á millilofti er kaffistofa, skrifstofurými, salerni og geymslur. Skrifstofurými og kaffiaðstaða eru snyrtilegar með parketi á gólfi. **Verðtilboð óskast. Uppl. Magnús Lgf. 861-0511 og Ólafur Lgf. 824-6703**

534 1020
www.atvinnueignir.is



## Laust leigurými í Miðjunni
### Suðurlandsvegi 1-3 á Hellu

**Stjórn Suðurlandsvegar 1-3 ehf. auglýsir atvinnuhúsnæði laust til útleigu:**

**Skrifstofurými 2. hæð:** 19,6 fm.
**Skrifstofurými 2. hæð:** 39 fm.
**Sérhæð:** 392 fm.
**Jarðhæð,** verslunar-, skrifstofu og /eða þjónusturými: Um 192 fm.
**Jarðhæð,** geymslu- og/eða iðnaðarrými: Um 200 fm.

Húsnæðið er staðsett á góðum stað á miðbæjarsvæði Hellu í Rangárþingi ytra. Þar er nú þegar önnur verslun og þjónusta s.s.; Skrifstofur Rangárþings ytra, Félagsþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, teiknistofan Steinsholt, umboðsskrifstofa Sjóvá, tannlæknaþjónusta Petru og Halls, Verkalýðsfélag Suðurlands, Lífeyrissjóður Rangæinga, teiknistofan Landnot, heilsugæsla Rangárþings, lyfjaverslun Lyfja og heilsu, bakaríð Kökuval, Vínbúðin og verslunin Kjarval.




Nánari upplýsingar gefur Gunnar Aron Ólason í síma 699 0799. Einnig er hægt að senda tölvupóst með fyrirspurnum á sudurlandsvegur.ehf@gmail.com




# GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
**907 2003**

Hjálparstarf kirkjunnar


# Atvinnueignir

Löggild leigumiðlun og fasteignasala
Fákafeni 9, 108 Reykjavík




### Til sölu gott 432,7 m² verslunarhúsnæði á einum besta stað við Skeifuna

Húsnæðið er að mestu verslunarsalur með góðri lofthæð. Skrifstofu- og kaffiaðstaða á millilofti. WC aðstaða. Góðir sýningargluggar og véldrifin hurð með skyndjara.

Fjöldi bílastæða er við húseignina. Mjög góð staðsetning fyrir verslunar- og/eða þjónustuhúsnæði í Höfuðborgarsvæðinu.

Allar nánari upplýsingar veitir Helgi Már Karlsson lgf. í s: 534 1024/897 7086 eða hmk@atvinnueignir.is

534 1020
www.atvinnueignir.is


# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið






Fasteignir.is fylgir Fréttablaðinu á mánudögum.

## STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 12.000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lifandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð.
Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.

Félag Fasteignasala
vísir

## Garðyrkja




**Gröfuþjónusta Auberts.**
**Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnnýjun á drenn og klóaklögnum.**
**Sími 892 1663.**




Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Regnbogalitir Málningarþjónusta**
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

**Málningarþjónusta Reykjavíkur**
20% afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

## Meindýraeyðing

**Drepum geitungana**
Geitungasíminn 555 666 2

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald






Parket,sólpallaslípun frá aðeins 1.750 krfm 20 ára reynsla. www.parketsliparinn.is S.7728100













**Húsaviðgerðir - Nýbyggingar Tilboð ókeypis**
Múrarar, málarar, háþrýstiþvottur, smiðir- gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is




Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.

Sólpallar, skjólgirðingar og öll almenn smíðavinna. Góð verð og vönduð vinna. Brynjar s:862-8621

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

## Tölvur

**TÖLVUVIÐGERÐIR**
Öll tölvuþjónusta og viðgerðir. Mjög sanngjarnt verð og öll vinna unnin af fagmanni. Sæki og sendi heim. Uppl. í s. 822 7668.

## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

## Spádómar







**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapant. s. 891 8727 Stella.

## Skemmtanir




Vantar þig Dj í veisluna? Svo bara heimasíðan www.partydj.is

## Rafvirkjun




**Raflagnir, dyrasímar.**
**S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

**Háþrýstiþvottur og Sandblástur**
á nánast hverju sem er
s: 860 2130

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**
Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Sími 777 2000 www.heitirpottar.is



**Gróðurhús rýmingarsala**
6 fm með hertu gleri 190þ. 9 fm með hertu gleri 290þ. KLIF ehf, S:552 3300.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ískápar, frystiskápur, þurrkara, uppþvottavélar. S. 896 8568

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!**
**www.kaupumgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.**
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854**
**www.siggaogtimo.is**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun

**bathmate**
Bathmate er nú með CE vottun!
Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!
Pantana & upplýsingasími
849 0698
www.bathmate.is

**ÚTSALA**
**15-30% afsláttur**
BROOKS
2XU COMPRESSION
NIKE
CUBE
ZOOT SPORTS
CRAFT
TRI
Tri ehf.
Suðurlandsbraut 32
104 Reykjavík
www.tri.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Allar nýju HERBALIFE vörurnar fást hjá mér. Sólrún Ósk S. 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Húsnæði í boði

Til leigu 4ja herb. íbúð í Krummahólum. 105 fm. í liftuhúsi. Verð 150 þ. Uppl. í s. 869 6350.

## Sumarbústaðir

**Sumarhúsalóðir til sölu**

**Í landi Kílshrauns á Skeiðum 18 km, fyrir austan Selfoss. 55 mín, akstur frá Reykjavík. Fallega mosavaxið hraun eða tún, góðar til gróðursetningar, vegur, vatn, símastrengur og 3ja fasa rafmagn komið að lóðarmörkum. Til afhendingar strax.**

**Uppl. í síma 824 3040 Hlynur.**

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 m2 iðnaðarbil**
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Verð 8,9 - 9,9 m. S: 660 1060 og 661 6800 Facebook:/ Steinhella 14

Skrifstofuherb. til leigu að Súðarvogi 7 2.h. 2 herb. 16 fm og 48 fm laus strax, sameiginlegt fundarherb., kaffistofa og öryggiskerfi. Uppl. í s. 824 3040 Hlynur.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.



Til sölu 7 fm geymsluskúr. Skúrinn er einangraður í hólf og gólf og klæddur að utan með bárujárni, mjög snyrtilegur Verð: 190 þúsund. S. 864-8440

# ATVINNA

## Viðskiptatækifæri

**Ein af betri sjoppum borgarinnar**

**Til sölu**
**eigin atvinnurekstur Mikil og stöðug velta, bílalúga, spilakassar, ís, ofl.**

**Eignaskipti koma til greina. Áhugasamir sendi póst á : plan10@simnet.is**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

Ung íslensk kona býður upp á gott heilnudd. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8779.

Ungur karlmaður vill kynnast eldri karlmanni. Góð skemmtun. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl. nr. 8176.


FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

**STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI**

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir. vísir


## Atvinna

**Meba Kringlunni**
**úra og skartgripaverslun**

óskar eftir starfskrafti í fullt starf. Starfsmaður þarf að vera stundvís, röskur og snyrtilegur. Hafa góða þjónustulund og framtakssemi.

**Upplýsingar og umsóknir sendist á skartogur(at)gmail.com**

## Til sölu

**Veitingastaður í miðbænum**

Tælenskur matsölustaður í Lækjargötu til sölu. Vel tækjum búin. Frábær tækifæri. Gott verð. Upplýsingar í síma: 776-9570.

## Tilkynningar

**AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG Í GARÐABÆ**

**Miðbær Garðabæjar, Svæði I og II. Breyting deiliskipulags.**

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á breytingu á deiliskipulagi Miðbæjar í samræmi við 1.mgr. 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Á uppdrætti er afmarkað svæði sem breytingar ná til og innan þess eru eftirfarandi lóðir: Garðatorg 1, 3 og 5 og Hrísmóar 2. Einnig óbyggðar lóðir Garðatorg 2, 4, 5a og 6 og Hrísmóar 15,17 og 19.

Meginmarkmið breytingarinnar er að laga sig að breyttum forsendum miðbæjarsvæðisins. Lögð er áhersla á að sú framtíðarsýn, sem gildandi deiliskipulag byggir á, haldist óbreytt. Áfram er stefnt að styrkingu Garðatorgs sem miðbæjarkjarna Garðabæjar. Með öflugri verslun og þjónustu í bland við aukið framboð íbúða á svæðinu, mun Garðatorg efla bæjarbrag og mannlíf í Garðabæ.

Breytingartillagan gerir m.a. ráð fyrir því að núverandi bygging við Garðatorg 1 muni standa áfram og að hámarksbyggingarmagn nýbygginga ofanjarðar í gildandi deiliskipulagi muni minnka úr 28.650 m² í 22.050 og fjöldi nýrra íbúða úr 160 í 120. Form og lega byggingarreita og hámarkshæðir taka einnig breytingum.

Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 7.ágúst til og með 18.september 2012. Hún er einnig aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is. Lýsing deiliskipulagsbreytingarinnar er einnig aðgengileg á heimasíðu.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út þriðjudaginn 18.september 2012.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**skipulagsstjóri Garðabæjar**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Tækni- og umhverfissvið

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** glansa, **6.** í röð, **8.** illæri, **9.** fugl, **11.** í röð, **12.** bolur, **14.** gróðabrall, **16.** slá, **17.** sauðaþari, **18.** maðk, **20.** leita að, **21.** hviða.

**LÓÐRÉTT**
**1.** samtals, **3.** fíngerð líkamshár, **4.** verkfæri, **5.** tímabils, **7.** andmæli, **10.** sægur, **13.** viðmót, **15.** skarpur, **16.** stormur, **19.** sjúkdómur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gljá, **6.** lm, **8.** óár, **9.** lóm, **11.** rs, **12.** stofn, **14.** brask, **16.** rá, **17.** sól, **18.** orm, **20.** gá, **21.** kast.

**LÓÐRÉTT: 1.** alls, **3.** ló, **4.** járnsög, **5.** árs, **7.** mótbára, **10.** mor, **13.** fas, **15.** klár, **16.** rok, **19.** ms.









# Smá nauðgað, annars fínt

**BAKÞANKAR**
**Kolbeins Óttarssonar Proppé**



Það er orðið árviss viðburður að fá fréttir af nauðgunum um Verslunarmannahelgi. Sem betur fer virðist ákveðin vitundarvakning hafa orðið í þessum efnum og jafnvel örgustu tréhausar hafa samþykkt víðtækari aðgerðir til að sporna við þeim hryllilega glæp sem nauðgun er. Á stundum hefur manni nefnilega fundist að skipuleggjendur hátíða telji það gefa þeim slæmt orðspor ef það spyrst út að til allra ráðstafana sé gripið til að hamla gegn nauðgunum. Það er auðvitað mikill misskilningur, orðspor hátíða batnar aðeins við það að allra bragða sé beitt til að koma í veg fyrir að sálsjúkir karlpungar nauðgi.

**ÞAÐ** er hins vegar umhugsunarefni af hverju það er árviss viðburður að konum sé nauðgað um Verslunarmannahelgi. Stundum finnst manni eins og okkur þyki þetta hvimleiður en óhjákvæmilegur fylgifiskur þess að smala nokkur þúsund Íslendingum saman á fyllerí. Nauðgun getur aldrei verið eðlileg afleiðing, hún er alltaf brot á öllum þeim siðalögmálum sem hver einstaklingur á að búa yfir.

**EF** við erum farin að gera ráð fyrir nauðgunum, þá er eitthvað að. Kannski vantar algjöra umpólun á hugsunarhætti karlmanna (og hér er rúm fyrir forpokaða karlpunga til að nöldra um að konur nauðgi líka og allt það sem gjarnan er notað til að dreifa athyglinni frá stóra vandamálinu; ofbeldi karla gegn konum). Þarf ekki einfaldlega að mennta okkur upp á nýtt? Þarf ekki samstillt átak menntakerfis og allra sem að uppeldi koma til að stimpla það inn í eitt skipti fyrir öll að nauðgun er viðbjóðslegur glæpur gagnvart öðrum einstaklingi, gagnvart mennskunni sjálfri.

**FRÉTTIR** um Verslunarmannahelgi snúast oftar en ekki um hátíðirnar. Í útvarpinu má heyra að svo og svo margar nauðganir hafi verið tilkynntar, svo margir verið lamdir og þetta mikið af fíkniefnum hafi fundist. Síðan er gjarnan í sömu frétt sagt að allt hafi nú gengið vel að öðru leyti og gjarnan spilaður bútur af brekkusöng og viðtal við fullt, hresst fólk.

**ÞETTA** er furðulegt. Það er ekki ósvipað því að segja frá því að maður hafi verið stunginn í partýi og liggi nú á gjörgæslu, en teitið hafi nú að öðru leyti gengið vel, mikið stuð verið á fólki og hér má heyra partýgesti syngja Undir bláhimni. Eða að bílferð hafi nú verið hin skemmtilegasta fram að því að bíllinn keyrði út af og amma dó.

**NAUÐGUN** er viðbjóðsleg. Þeir sem nauðga eru viðbjóðslegir. Fréttir af slíkum viðbjóði á ekki að flétta saman við frásagnir af almennri skemmtun.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# 6 KR.

# SPARNAÐUR MEÐ SHELL V-POWER

## 2,4% MINNI EYÐSLA Á LÍTRA

### TIL VIÐBÓTAR AFSLÆTTI MEÐ KORTUM OG LYKLUM

Niðurstöður mælinga tveggja óskyldra og óháðra aðila á Íslandi staðfesta að **bíll með Shell V-Power eyðir 2,4% minna** en sami bíll með bensíni frá N1. Bíll með hefðbundnu bensíni frá Orkunni eyðir hins vegar jafnmiklu og bíll með bensíni N1.




Mælingarnar voru gerðar á tímabilinu apríl – júní 2012 af **Torfa K. Karlssyni, vistaksturskennara**, annars vegar og **Ólafi Kr. Guðmundssyni, dómara í Formúlu 1**, hins vegar. Þær fóru fram í logni við íslenskar aðstæður, en aldrei í rigningu eða á blautum vegi. Nánar á **skeljungur.is/vpower**.




**Kort og lyklar Orkunnar og Skeljungs gilda jafnt á bensínstöðvum Orkunnar og Shell.**

skeljungur.is

Skeljungur

# RISAÚ

BÍLMAGNARAR BÍLHÁTALARAR ÚTVÖRP

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDI

## ALLT AÐ 75%

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
ÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
HRÆRIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL
FRYSTIKISTUR ÞURRKARAR
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN
OFNAR

NOKKUR VERÐDÆMI

**Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti**
Smáraftæki á ótrúlegu verði – frá kr. 995
**Philips sjónvörp með allt að 200.000 kr. afslætti**
Panasonic sjónvörp með allt að 100.000 kr. afslætti
**Whirlpool helluborð með allt að 50.000 kr. afslætti**
Hátalarar fyrir Android og Apple með miklum afslætti
**Medisana nuddtæki með allt að 50% afslætti**

## TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic

BÍLTÆKI
SJÓNVÖRP FERÐATÆKI
DVD SPILARAR MAGNARAR
MP3 SPILARAR HLJÓMBORÐ
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR HEYRNARTÓL
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR REIKNIVÉLAR

# TSALA

R MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

# AFSLÁTTUR

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR HELLUBORÐ
STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

**Vidal Sassoon hárvörur með allt að 43% afslætti**
**Kenwood brauðristar með allt að 40% afslætti**
**1400sn þvottavélar frá kr. 59.995**
**Whirlpool ofnar í miklu úrvali**
**á frábæru verði**

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

Opið virka daga 10-18
Laugardaga 11-16
Sunnudaga 13-17

**Heimilistæki**
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

wilfa Melissa Ariete Bauknecht elna exido VESTFROST INDESIT DeLonghi Whirlpool



**JUSTIN BIEBER** gerði grín að Vilhjálmi Bretaprinsi í viðtali við tímaritið Rollercoaster. Þar spáði Bieber í það af hverju prinsinn reyndi ekki að koma í veg fyrir aukið hárlos. „Þú tekur bara Propecia við þessu og hárið vex aftur. Er það ekki til í Englandi?“ spurði Bieber.



**LEIKSTÝRIR** Beyoncé vill leikstýra heimildarmynd um eigið líf. NORDICPHOTOS/GETTY

# Í leikstjórnarstólinn

Söngkonan Beyoncé hyggst leikstýra heimildarmynd sem gefur aðdáendum svolitla innsýn í líf hennar. Beyoncé og eiginmaður hennar Jay-Z hafa hingað til reynt að halda einkalífi sínu utan fjölmiðla.

Myndin mun innihalda persónuleg myndbrot, viðtöl og upptökur af tónleikum söngkonunnar og hefur Beyoncé þegar borið hugmyndina undir framleiðslufyrirtæki í Hollywood að því er Los Angeles Times hermir.



**MYNDARLEGT FÓLK** Shasi Wells og Dylan McDermott báru af. Þvílík fegurð!



**FLOTT PAR** Chris Henchy og Brooke Shields mættu brosandi á frumsýningu The Campaign.



**SÆT** Lizzy Caplan er sæt og veit af því. Hún mætti á frumsýningu The Campaign.

# Hollywood sefur ekki

**Þótt Íslendingar hafi tekið sér frí og djammað hressilega um helgina héldu dugnaðarforkarnir í Hollywood áfram að mæta í vinnu. Kvikmyndirnar Total Recall og The Campaign voru frumsýndar og tilefnið til að klæða sig upp var ærið.**

ENNEMM / SÍA / NM53598

Nýttu snjallsímann til fulls á stærsta 3G neti landsins



LG Optimus L5
Mjög flottur og vel hannaður Android sími
3.090 kr.
á mánuði í 12 mánuði*
Netið í símanum í 1 mán. Allt að 1 GB.
Staðgreitt: 34.900 kr.

Mánaðarverð 590 kr.
Mánaðarverð 1.390 kr.
Mánaðarverð 2.190 kr.
Mánaðarverð 7.990 kr.
0 kr. í GSM hjá Ring og Frelsi — Mánaðarverð 990 kr.
0 kr. í GSM hjá Símanum — Mánaðarverð 1.990 kr.

Nánar um áskriftarleiðir á **siminn.is**

siminn.is I #meiraisland



**FLOTTIR SAMAN** Spéfuglarnir Will Ferrell og Zach Galifianakis fara með aðalhlutverkin í The Campaign. Þeir voru að sjálfsögðu hressir á frumsýningunni. NORDICPHOTOS/GETTY



**TÝNDI TRÚNNI** Michael Stipe skaut upp kollinum á frumsýningu Total Recall.



**GLÆSILEG** Jessica Biel, stjarna kvikmyndarinnar Total Recall, geislaði á frumsýningu myndarinnar.



**MAN TÍMANA TVENNA** Mark Ruffalo ákvað að þjóna til borðs á Chateau Marmont hótelinu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Þjónaði til borðs

**Leikarinn Mark Ruffalo átti notalega kvöldstund með vinum sínum á Chateau Marmont hótelinu fyrr í vikunni og rifjaði um leið upp gamla takta frá því hann starfaði sem þjónn.**

**„Mark bað um að fá að þjóna til borðs í svolitla stund. Stuttu síðar kom hann fram með nokkra diska og byrjaði að þjóna gestum til borðs,“ sagði sjónarvottur um atvikið.**

**Eftir að hafa þjónað nokkrum gestum settist Ruffalo aftur við borðið hjá vinum sínum og var hinn ánægðasti. „Ég fór aftur í tímann. Þetta heldur mér á jörðinni og fær mig til að átta mig betur á því hversu heppinn ég er,“ á leikarinn að hafa sagt við vini sína eftir þjónustustarfið.**

**Ruffalo lék síðast í The Avengers og er um þessar mundir við tökur á kvikmyndinni Can a Song Save Your Life með Keiru Knightley.**

# Madonna hörmung

Elton John er lítill aðdáandi söngkonunnar Madonnu og telur að söngferli hennar sé lokið.

Elton John og eiginmaður hans, David Furnish, hafa verið óhræddir við að gagnrýna Madonnu opinberlega og þá sérstaklega þegar Madonna segir eitthvað neikvætt um Lady Gaga, sem er guðmóðir sonar þeirra.

„Ferli hennar er lokið og tónleikaferðalag hennar var hörmung. Hefði hún haft nokkuð vit í kollinum hefði hún haldið sig við popptónlistina, sem hún gerir vel, og fjarri danstónlistinni,“ hafði The Mail eftir Elton John.



**GAGNRÝNINN** Elton John segir Madonnu vera búna að vera. NORDICPHOTOS/GETTY








*325 kr. greiðslugjald bætist við mánaðargjald

Við erum með **réttu GSM leiðina** fyrir þig

Vertu viss um að vera á stærsta 3G neti landsins svo að þú getir notið alls þess sem snjallsíminn þinn hefur upp á að bjóða. Á siminn.is finnur þú bæði snjallsímann og áskriftarleiðina sem hentar þér.

Síminn

# Barnastjarna í vanda

**Barnastjarnan Macaulay Culkin er sagður glíma við heróínfíkn.**

Leikarinn Macaulay Culkin er sagður glíma við eiturlyfjavanda sem gæti dregið hann til dauða. Tímaritið National Enquirer heldur þessu fram á forsíðu sinni og segir Culkin hafa ánetjast heróíni og eyða allt að sjö hundruð þúsund krónum á mánuði í heróín og önnur eiturlyf.

Talsmaður leikarans þvertekur fyrir að nokkuð sannleikskorn sé að finna í frétt tímaritsins og hótaði að kæra það í kjölfarið. „Fréttin í National Enquirer um að Macaulay Culkin sé háður heróíni og öðrum eiturlyfjum er án nokkurra staðreynda og er ekkert annað en kjánalegur skáldskapur. Fréttin er móðgandi fyrir skjólstæðing minn,“ sagði Michelle Bega, talskona Culkin.

National Enquirer heldur því fram að það hafi áreiðanlegar heimildir fyrir því að Culkin noti reglulega heróín og verkjalyfið oxycodone og að íbúð hans í Manhattan líkist helst dópbæli en heimili. Heimildarmaður tímaritsins segir Culkin hafa glímt við fíkn sína í á annað ár og að hann umgangist nú að mestu aðra fíkla. Jennifer Adamson, hálfsystir Culkin, lést eftir of stóran skammt eiturlyfja árið 2000 og vinkona leikarans lést einnig af of stórum skammti í vor. „Fjölskylda Elijah Rosello staðfesti við The Enquirer að hún hefði neytt eiturlyfja með Macaulay áður en hún lést í mars,“ stóð ritað í tímaritinu um málið. Ritstjóri tímaritsins stóð við frétt sína og hvatti Culkin um leið til þess að sækja sér aðstoð.

„Ætli talsmenn Macaulay að halda áfram að neita þeim staðreyndum er koma fram í fréttinni bjóðum við honum að fara í blóðprufu svo hægt sé að taka af allan vafa,“ skrifaði ritstjórinn.

Culkin er hvað þekktastur fyrir hlutverk sitt sem Kevin McCallister í kvikmyndunum Home Alone og Home Alone 2: Lost in New York. Hann tilkynnti fjórtán ára gamall að hann væri hættur í leiklist en lék þó aðalhlutverkið í kvikmyndinni Party Monster árið 2003. Hann var í sambandi með leikkonunni Milu Kunis í níu ár eða allt til ársins 2011.


**Á ERFITT** Því er haldið fram að barnastjarnan Macaulay Culkin glími við heróínfíkn. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ben heldur sig fjarri Justin

Ben Affleck og Justin Timberlake leika saman í spennumyndinni Runner, Runner sem nú er í tökum. Samkvæmt heimildum reynir Affleck þó að komast hjá því að eyða frítíma sínum í félagsskap Timberlake.

Timberlake ku eyða frítíma sínum í fjárhættuspil og drykkju á hóteli í San Juan í Púertó Ríkó á meðan Affleck kýs heldur að halda sig heima við og lesa bækur. Affleck á við áfengis- og spilafíkn að stríða og mun það vera ástæðan fyrir því að hann forðist að leggja lag sitt við Timberlake.

„Ben er ekki vitlaus og hann ætlar sér ekki að falla,“ var haft eftir innanbúðarmanni.

Affleck eignaðist sitt þriðja barn í febrúar á þessu ári, soninn Samuel. Fyrir eiga hann og eiginkona hans, Jennifer Garner, dæturnar Violet Anne og Seraphinu Rose.


**PASSAR SIG** Ben Affleck eyðir frítíma sínum ekki með mótleikara sínum, Justin Timberlake. NORDICPHOTOS/GETTY





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK KNIGHT RISES kl. 2-4:30-5:30-6-8-9-10 -10:20 | | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES VIP | kl. 2 - 6 - 10 | 2D | VIP |
| BRAVE M/ ísl. Tali | kl. 2 forsýnd sun. og Mán. | 3D | L |
| MAGIC MIKE | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| DREAMHOUSE | kl. 8 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | 3D | L |
| UNDRALAND IBBA ísl. Tali | kl. 1:30 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| Dark Knight Rises | kl. 4:30 - 8 - 11:20 | 2D | 12 |
| Madagascar 3 ísl. Tali | kl. 2 | 3D | L |
| Undraland Ibba ísl. Tali | kl. 2 - 4 | 2D | L |
| LOL | kl. 6 | 2D | 12 |
| Dream House | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE DARK KNIGHT RISES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| DREAMHOUSE | kl. 11:15 | 2D | 16 |
| UNDRALAND IBBA | kl. 4 | 2D | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK KNIGHT RISES | 1:40 - 3:50 - 4:50 - 5:50 - 7 - 8 - 9 - 10:10 - 11:10 | 2D | 12 |
| TED | kl. 5:40 - 10:30 | 2D | 12 |
| MAGIC MIKE | kl. 8 | 2D | 12 |
| ÍSÖLD 4 ísl. Tali | kl. 1:40 | 3D | L |
| ÍSÖLD 4 ísl. Tali | kl. 1:40 - 3:50 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 1:40 - 3:40 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK KNIGHT RISES | kl. 2 - 4:20-6-9-10 | 2D | 12 |
| BRAVE ísl. Tali | kl. 2 forsýnd sun. og Mán. | 3D | L |
| MAGIC MIKE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | Sýnd Lau. kl. 2 | 3D | L |
| LOL | kl. 5:50 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE DARK KNIGHT RISES | kl. 7 - 10:20 | 2D | 12 |
| BRAVE ísl. Tali | kl. 5 forsýnd sun. og Mán | 3D | L |
| ÍSÖLD 3 ísl. Tali | kl. 3 (lau) - 5 | 3D | L |
| DREAMHOUSE | kl. 8 - 10 | 2D | 16 |
| LOL | kl. 6 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA ísl. Tali | kl. 4 | 2D | L |




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| TOTALL RECALL (FORSÝNING) KL. 8 | | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 4.30 - 5.30 - 8 - 9 | 10 |
| DARK KNIGHT RISES LÚXUS | KL. 4.30 - 8 | 10 |
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL | KL.3.20 - 5.40 | L |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 3.20 | L |
| TED | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 5 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| KILLER JOE | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL | KL.5.50 | L |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 6 - 9 | 10 |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 6.30 - 8 - 9 - 10.30 | 12 |

BORGARBÍÓ ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| KILLER JOE | KL. 6 - 8 - 10.10 | 16 |
| ÍSÖLD 3D | KL. 6 | L |
| TED | KL. 10.10 | 12 |
| INTOUCHABLES | KL. 8 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ 5%
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| THE DARK KNIGHT RISES | 3.50, 7, 10.20(P) | 12 |
| KILLER JOE | 8, 10.20 | 16 |
| INTOUCHABLES - ISL TEXTI | 3.50, 6, 8, 10.20 | 12 |
| ÍSÖLD 4: HEIMSÁLFUHOPP 3D | 4, 6 | L |

LYFJA – Lífið heil
www.lyfja.is

Tvö lykilbætiefni fyrir betri heilsu og líðan

**D3-vítamín** eykur virkni ónæmiskerfis og er öflug vörn gegn flensu.

**Omega 3** fyrir heilbrigðara hjarta og æðakerfi. Mikilvægt fyrir andlega heilsu og vellíðan.

**NOW – gæði, hreinleiki, virkni.**




Fyrir þig í Lyfju

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 60393 07/12

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

**ÞRIÐJUDAGUR:** **STARS ABOVE** 18:00, 20:00, 22:00 ■ RED LIGHTS 22:10 ■ BERNIE 17:50, 20:00 ■ *COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR* 18:00 ■ *COOL CUTS: JAR CITY* 20:00 ■ *COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC* 22:00 ■ *BLACK'S GAME (ENGLISH SUBS)* 22:00

8. ÁGÚST: HRAFNHILDUR OG TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR

**ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ:** 950 kr. miðinn!

29 ÁRA
REYKJAVÍKURMARAÞON
ÍSLANDSBANKA
18. ÁGÚST 2012

# ÞÁTTTAKA VIÐ ALLRA HÆFI




















**Skráning og upplýsingar á www.marathon.is**

REYKJAVÍKURMARAÞON

Íslandsbanki · vita · asics · POWERADE ION4 · Barilla · SUZUKI · margt smátt · ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR

# sport

sport@frettabladid.is



**ELÍN METTA JENSEN** skoraði fyrsta markið í sögu íslenska U23 ára landsliðs kvenna í knattspyrnu í 2-2 jafntefli gegn B-liði Skotlands á sunnudag. Dagný Brynjarsdóttir skoraði hitt mark Íslands. A-landslið þjóðanna gerðu einnig jafntefli á laugardag 1-1. Sandra María Jessen skoraði mark Íslands sem var um leið hennar annað mark í tveimur A-landsleikjum.

# Eins vel undirbúin og mögulegt er

**Ásdís Hjálmsdóttir keppir í undankeppni í spjótkasti kvenna á Ólympíuleikunum í dag. Hún stefnir á að komast í úrslit og blanda sér þar með í keppni þeirra allra bestu í greininni. „Ég er mjög bjartsýn," segir hún.**

**ÓL 2012** Ásdís Hjálmsdóttir er eina íslenska konan sem á enn eftir að keppa á Ólympíuleikunum í London en hún hefur leik í dag þegar undankeppnin í spjótkasti fer fram á Ólympíuleikvanginum.

Hún er fremsta frjálsíþróttakona landsins í dag og sú eina sem tryggði sér Ólympíulágmark í sinni grein. Hún hefur þar að auki reglulega keppt á mótum í Demantamótaröðinni svokölluðu en aðeins besta frjálsíþróttafólk heims fær boð um þátttöku.

Það eru því vonir bundnar við að Ásdís nái langt á þessum leikum enda hefur hún alla burði til þess. Fyrir aðeins nokkrum vikum síðan rauf hún 60 metra múrinn á ný þegar hún kastaði 60,54 metra á Meistaramóti Íslands í frjálsíþróttum.

Það kast hefði dugað í úrslit á síðustu Ólympíuleikum og líklegt að svipað kast muni fara langt með að gera það nú, þó svo að ómögulegt sé að spá fyrir um það með vissu.

Íslandsmet hennar í greininni er 61,37 metrar og var sett fyrir rúmum þremur árum. En svo virðist sem Ásdís sé nú reiðubúin að gera alvöru atlögu að metinu.

### Gengið ofboðslega vel

„Mér hefur gengið ofboðslega vel á æfingum og er ég mjög bjartsýn fyrir keppnina," segir Ásdís en Fréttablaðið hitti á hana í Ólympíugarðinum nú um helgina. Þá var hún nýkomin aftur til Lundúna eftir að hafa dvalið í æfingabúðum í Bournemouth síðan Ólympíuleikarnir hófust.

„Spjótkastið reynir mikið á tækni og sú vinna hefur gengið mjög vel á æfingum. Maður kastar þó aldrei af fullum krafti á æfingunum og vegalengdirnar skipta því litlu máli. Engu að síður er ég búin að vera að kasta langt á æfingum miðað við það sem ég geri venjulega," segir hún.

Ásdís varð fyrir því óláni að meiðast skömmu fyrir Ólympíuleikana í Peking fyrir fjórum árum síðan og náði hún sér því eðlilega ekki á strik. „En núna hefur allt gengið eins og í sögu. Ég er alveg laus við meiðsli og ekkert sem er að trufla mig. Ég er eins tilbúin og ég get verið," segir hún en bendir á að það sé ekki allt sem þarf til.

„Maður þarf alltaf smá heppni og eini óvissuþátturinn er hvort að mér takist að hitta á góðan dag."

### Stefni enn hærra eftir fjögur ár

Ásdís er á 27. aldursári en segir að spjótkastarar séu yfirleitt að toppa stuttu eftir þrítugsaldurinn. Hún á því nóg eftir og leyfir sér að stefna enn hærra í framtíðinni.

„Fyrir fjórum árum átti ég ágætan möguleika á að gera ágæta hluti en þá meiddist ég. Engu að síður var þetta mikil reynsla og upplifun fyrir mig og finn ég nú hversu dýrmæt hún er. Það er allt önnur reynsla að koma á Ólympíuleika í annað sinn en í fyrsta sinn," segir hún.

„Á þessum leikum á ég möguleika á að fara í úrslit. Það er markmiðið mitt og ég tel það raunhæft. Eftir fjögur ár sé ég fram á að vera enn ofar og í enn meiri baráttu – vonandi um að komast á verðlaunapall."

> Við erum búin að skipuleggja hvert skref og ekkert sem á að koma mér á óvart.
>
> ÁSDÍS HJÁLMSDÓTTIR SPJÓTKASTARI

### Undirbúin fyrir hvað sem er

Stór þáttur af undirbúningi allra íþróttamanna fyrir keppni á Ólympíuleikunum er að vera undirbúinn fyrir hvað sem er – líka mótlæti. Ásdís er með gott teymi í kringum sig sem hefur hjálpað henni að mæta hverju sem er.

„Við erum búin að skipuleggja hvert skref og það er ekkert sem á að koma mér á óvart. Ég veit hvernig ég ætla að hita upp, hvernig upphitunarköst ég ætla að taka og svo framvegis," segir hún. „Ég veit líka hvað ég ætla að gera ef fyrsta kastið verður ekki nógu gott. Við höfum í raun farið yfir allar mögulegar aðstæður og er ekki hægt að gera meira."

Ásdís er því með sína keppnisáætlun á hreinu. „Það er mikilvægt, ekki síst upp á hugarfarið að gera. Ég þarf að vera heppin og hitta á rétta tækni í mínum köstum, en ef það tekst ekki í fyrstu tilraun má ég ekki láta það brjóta mig niður. Ég vil vera eins vel undirbúin og mögulegt er og er ég ánægð með hvernig til hefur tekist."

Alls eru 42 keppendur skráðir til leiks í spjótkasti kvenna sem hefst klukkan níu. Ásdís er í kasthópi B og er hún 15. í kaströðinni. Allir þeir sem kasta lengra en 62 metra komast áfram en þó verða aldrei færri en tólf konur í úrslitunum sjálfum sem fara fram á fimmtudagskvöldið.



**EINBEITT** Ásdís hefur verið við æfingar í Bournemouth undanfarið sem hún segir hafa gengið mjög vel. Hún er laus við meiðsli, ólíkt því sem var í Peking fyrir fjórum árum, og ætlar sér í úrslit. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




**Eiríkur Stefán Ásgeirsson og Valgarður Gíslason**
fjalla um ÓL 2012
eirikur@frettabladid.is - valli@frettabladid.is



**TEKUR Á** Keppendur fá tvær klukkustundir til að skjóta 60 skotum og getur tekið á að halda fullri einbeitingu í slíkan tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ásgeir Sigurgeirsson:

## Skotfimi er reynsluíþrótt

**ÓL 2012** Ásgeir Sigurgeirsson hafnaði í 32. sæti í skotfimi með svokallaðri frjálsri skammbyssu af 50 m færi. Náði hann því ekki að fylgja eftir góðum árangri í 10 m loftskammbyssu þar sem hann hafnaði í 14. sæti og var þremur stigum frá úrslitum.

Niðurstaðan er engu að síður jákvæð fyrir Ásgeir, sér í lagi þar sem fyrrnefnda greinin er talsvert meira krefjandi. Auk þess er keppt í henni utandyra og hefur Ásgeir enga slíka æfingastöðu á Íslandi. Hann æfir því innandyra sem útskýrir af hverju loftskammbyssan, sem fer fram innandyra, er sterkari grein hans.

„Skotfimi er svo mikil reynsluíþrótt," segir Ásgeir sem stefnir á fleiri Ólympíuleika en hann er 26 ára gamall. „Ég geri mér grein fyrir því að það eru nokkur ár í að ég geti verið á jafnréttisgrundvelli við þá sem eru á toppnum í dag. Það er eitthvað sem ég stefni að og þessir Ólympíuleikar voru skref í rétta átt hjá mér. Ég geng því sáttur frá borði," sagði hann.

Ásgeir fékk 544 stig af 600 mögulegum um helgina en 559 stig þurfti til að komast inn í úrslit. Íslandsmet hans í greininni er 565 stig en var sett við bestu mögulegu skilyrði. **-esá**

**Íslendingar á ÓL 2012**

**ÞRIÐJUDAGINN 7. ÁGÚST**

**09.00: Spjótkast kvenna**
**Ásdís Hjálmsdóttir**



BURSTAR í vélsópa á lager
- flestar stærðir

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

Þórður Rafn Gissurarson úr Golfklúbbi Reykjavíkur fagnaði sigri í Einvíginu á Nesinu eftir bráðabana:

# Mig hefur lengi langað að vinna mótið

**GOLF** Þórður Rafn Gissurarson úr Golfklúbbi Reykjavíkur vann í gær Einvígið á Nesinu eftir bráðabana gegn Arnóri Inga Finnbjörnssyni, kollega sínum úr GR, á lokaholunni. Þetta er í fyrsta skipti sem Þórður Rafn vinnur Einvígið og var hann gríðarlega sáttur eftir sigurinn. Hann segir mótið eitt það skemmtilegasta á árinu.

„Ég er rosalega ánægður með þetta. Mig hefur lengi langað til þess að vinna þetta mót og er ég því mjög sáttur. Ég var að spila á móti níu frábærum kylfingum og sigurinn því sérstaklega sætur," sagði Þórður Rafn sem var sérstaklega ánægður með pútt sín á mótinu. Hann sagði þó ýmsa vankanta hafa verið á leik sínum.

Í Einvíginu keppa tíu kylfingar í höggleik þar sem einn kylfingur fellur úr leik á hverri holu. Þórður og Arnór voru jafnir eftir níundu og síðustu holuna og þurfti því að grípa til bráðabana. Þar þurftu þeir tveir að skjóta úr glompu af um 35 metra færi frá holunni. Sá sem var nær holu eftir glompuskotið var krýndur sigurvegari.

Högg Arnórs fór langt yfir flötina og átti Þórður því ekki í miklum erfiðleikum að tryggja sér sigurinn með höggi sem hafnaði á miðri flötinni.

„Þetta er happa og glappa í lokin en höggið mitt í bráðabananum var skelfilega lélegt. Ég átti skilið að tapa eftir það," sagði svekktur Arnór Ingi eftir mót. **-shf**



**GR-INGARNIR** Bestu kylfingar gærdagsins, Arnór Ingi (til vinstri) og Þórður Rafn, þekkjast vel enda báðir meðlimir í Golfklúbbi Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

**NÝTT!** Fræðslustund 19. og 26. ágúst kl. 14 - 16 (þátttakendur velja annan hvorn daginn). Frítt fyrir Hot Yoga þátttakendur Sporthússins. Á fræðslufundinum verður farið yfir Hot Yoga í þaula og þátttakendur fá fræðslu um hverja Hot Yoga æfingu fyrir sig.

HotYoga iceland



# ÁSKORUN

## HEFST 13. ÁGÚST

Hot Yoga í 4 vikur, 17 tímar í viku og þú mátt mæta þegar þér hentar, eins oft og þú vilt, fyrir aðeins **14.900 kr.**

**Hvort sem þú ert íþróttamaður, almennur líkamsræktariðkandi eða byrjandi í líkamsrækt, þá er Hot Yoga algjörlega málið fyrir þig.**

**Aðalumsjón og kennari er Jóhanna Karlsdóttir.**
Jóhanna kláraði hæstu gráðu í Yoga fræðum á vegum Yoga Alliance eða alþjóðlegu Yogasamtökunum. Hún hefur einnig sótt mörg námskeið hjá reynslumiklum og þekktum Yogakennurum um allan heim.



**Margrét Lára Viðarsdóttir knattspyrnuhetja stundar Hot Yoga í Sporthúsinu:**

„Ég mæli hiklaust með því fyrir alla íþróttamenn sem vilja ná langt í sinni íþrótt að stunda Hot Yoga samhliða hefðbundnum æfingum sínum. Í Hot Yoga styrkir þú vöðva sem erfitt er að ná til í hefðbundnum æfingum. Þú lærir einnig að slaka á vöðvunum og teygja þá, eitthvað sem gleymist oftast í daglegu amstri.

Ég finn mikinn mun á mér líkamlega sem og andlega þegar ég stunda Hot Yoga í Sporthúsinu. Æfingarnar hjálpa mér að draga úr meiðslum og þær gefa mér einnig aukna getu á æfingum og í leikjum.

Hot Yoga ætti að vera í æfingaprógrammi hjá öllum afreksíþróttamönnum."

| mán. | þri. | mið. | fim. | fös. |
|---|---|---|---|---|
| 6:15 (60 mín) | | 6:15 (60 mín) | | 6:15 (60 mín) |
| 9:00 (60 mín) | | 9:00 (60 mín) | | 9:00 (90 mín) |
| | 12:00 (60 mín) | | 12:00 (60 mín) | |
| 17:30 (90 mín) | | 17:30 (90 mín) | | 17:30 (75 mín) |
| | 18:00 (90 mín) | | 18:00 (90 mín) | |
| 19:30 (60 mín) | | 19:30 (60 mín) | | |
| | 20:00 (75 mín) | | 20:00 (75 mín) | |

**Laugardaga** stakur tími (90 mín.) 1.700 kr. / 1.000 kr. fyrir meðlimi

**Hot Yoga áskrift:**
6 mán. = 11.900 kr. á mánuði
12 mán. = 7.900 kr. á mánuði

Nánari upplýsingar og skráning á www.sporthusid.is, s: 564-4050 eða gunnhildur@sporthusid.is
Sporthúsið • Dalsmára 9 - 11 • 201 Kópavogi • S. 564 4050

**ÖNNUR NÁMSKEIÐ SEM HEFJAST 13. ÁGÚST**

**Rope Yoga | Happy Yoga | Hópþjálfun | Weigh to Go | CrossFit**

**Power Burn TRX Bjöllur Basic | TRX Bjöllur Advanced**

Þín þróun...



www.hotyoga.is

FÓÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA

## TÖLFRÆÐI

**Ísland - Bretland 41-24**
**Mörk Íslands (skot):** Guðjón Valur Sigurðsson 8 (13), Aron Pálmarsson 5 (5), Vignir Svavarsson 5 (6), Alexander Petterson 5 (7), Ásgeir Örn Hallgrímsson 4 (4), Ólafur Stefánsson 3/1 (4/1), Snorri Steinn Guðjónsson 3/1 (5/1), Róbert Gunnarsson 2 (2), Ingimundur Ingimundarson 2 (2), Kári Kristján Kristjánsson 2 (3), Arnór Atlason 2 (3).
**Varin skot:** Hreiðar Levý Guðmundsson 19 (37, 51%), Björgvin Páll Gústavsson 1 (7, 14%),
**Hraðaupphlaup:** 14 (Guðjón Valur Sigurðsson 4, Vignir Svavarsson 2, Alexander Petterson 2, Ásgeir Örn Hallgrímsson 1, Ólafur Stefánsson 1, Róbert Gunnarsson 1, Ingimundur Ingimundarson 2, Arnór Atlason 1,)
**Utan vallar:** Ísland 8 mín - Bretland 8 mín
**Mörk Breta skot):** Steven Larsson 9 (18), Mark Hawkins 4 (10), Christopher Mohr 4 (11), Christopher McDermott 2 (3), John Pearce 1 (1), Gawain Vincent 1 (2), Martin Hare 1 (2), Robin Garnham 1 (2), Ciaran Williams 1 (4), Sebastien Edger (1),
**Varin skot:** Robert White 10 (47/2, 21%), Jesper Parker 1 (5, 20%).

**Ísland - Frakkland 30-29**
**Mörk Íslands (skot):** Alexander Petterson 6 (7), Aron Pálmarsson 5 (7), Guðjón Valur Sigurðsson 5 (9), Róbert Gunnarsson 4 (4), Ólafur Stefánsson 4/1 (6/1), Arnór Atlason 3 (5), Kári Kristján Kristjánsson 1 (1), Ingimundur Ingimundarson 1 (2), Snorri Steinn Guðjónsson 1 (2/1).
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 12/2 (41/5, 29%),
**Hraðaupphlaup:** 9 (Alexander Petterson 2, Guðjón Valur Sigurðsson 4, Arnór Atlason 2, Ingimundur Ingimundarson 1, )
Utan vallar: Ísland 14 mín - Frakkland 8 mín
**Mörk Frakklands (skot):** Jérôme Fernandez 9/1 (10/2), Cédric Sorhaindo 4 (4), Samuel Hornrubia 4 (4), Nikola Karabatic 4 (9), Luc Abalo 3 (7), Michaël Guigou 2/2 (3/2), Daniel Narcisse 2 (5), Bertrand Gille 1 (1), Guillaume Joli (1/1), Xavier Barachet (2),
**Varin skot:** Thierry Omeyer 9/1 (39/2, 23%).

Íslensku strákarnir harðir:

## Oftast út af

**HANDBOLTI** Strákarnir okkar hafa oftast landsliðanna tólf í riðlakeppninni fengið tveggja mínútna brottvísanir.

Alls hafa okkar menn verið reknir af velli 30 sinnum en næstir koma Túnisar með 26 tveggja mínútna dóma. -ktd

# Næsti leikur sá eini sem skiptir máli

**Ísland fékk fullt hús stiga í A-riðli handboltakeppninnar á Ólympíuleikunum í London eftir að hafa unnið sigra á Frakklandi og Bretlandi nú um verslunarmannahelgina. Ungverjar bíða í 8 liða úrslitum á morgun.**

**ÓL 2012** Íslenska handboltalandsliðið stendur vel að vígi á Ólympíuleikunum í London eftir sigra á Frakklandi og Bretlandi í síðustu leikjum riðlakeppninnar. Ísland endaði með fullt hús stiga og mætir á morgun Ungverjalandi í fjórðungsúrslitum keppninnar.

„Þetta sá ég ekki fyrir áður en mótið hófst. Þetta er frábær árangur," sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari. „En við viljum sem minnst tala um það. Nú viljum við bara hugsa um næsta leik."

### Stigin það eina sem við vildum

Sigurinn á Frökkum á laugardagskvöldið var glæsilegur í alla staði og sendi öðrum liðum í keppninni skýr skilaboð um að árangurinn í Peking fyrir fjórum árum síðan væri engin tilviljun. Niðurstaðan var eins marks sigur, 30-29, eftir æsilegar lokamínútur þar sem íslensku landsliðsmennirnir reyndust hafa stáltaugar. Strákarnir spiluðu glimrandi vel, bæði í vörn og sókn, og þá sérstaklega þegar mest á reyndi.

Liðið mætti svo Bretum í gær og afgreiddi þann skyldusigur eftir nokkuð þunga byrjun. Strákarnir hrukku reyndar ekki í gang fyrr en 25 mínútur voru eftir af leiknum og keyrðu þá yfir Bretana. Munurinn varð á endanum sautján mörk, 41-24, eftir að heimamönnum hafði tekist að hanga í þriggja marka mun í hálfleik.

„Ég vil helst ekkert tala um þennan leik," sagði Guðjón Valur Sigurðsson eftir sigurinn á Bretum í gær. „Við unnum, fengum tvö stig og það er það sem skiptir máli. Leikurinn bar keim af því. Við vissum alveg að við myndum vinna og þó svo að við höfum verið lélegir í fyrri hálfleik langar mig einfaldlega ekki til að eyða orku í þennan leik."



**SIGURINN Í HÖFN** Guðmundur Þórður Guðmundsson og hans menn gátu leyft sér að brosa í síðari hálfleik þegar íslenska liðið sýndi sitt rétta andlit. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Byrjaði í handbolta fyrir fjórum árum



Robert White, markvörður breska landsliðsins, sló í gegn í leiknum gegn Íslandi í gær. Á meðan breska liðinu gekk sem best með strákana okkar sýndi hann nokkur góð tilþrif sem vöktu gríðarlega lukku áhorfenda í Koparboxinu í gær.

„Allir íþróttamenn vilja vinna en stundum snýst þetta líka um að berjast allt til loka. Það er það sem við gerðum í dag. Ég er stoltur af strákunum og fyrri hálfleikurinn er líklega sá besti sem við höfum spilað frá upphafi," sagði White við Fréttablaðið eftir leikinn í gær.

Bretland er nú úr leik og hefur því leikið sinn síðasta leik á Ólympíuleikunum. „Við bjuggumst aldrei við því að vinna leik en við göngum stoltir frá okkar verki og er það góð tilfinning. Við öðluðumst frábæra reynslu með því að spila á Ólympíuleikunum og það var nákvæmlega það sem ég vildi fá þegar ég byrjaði í handbolta fyrir fjórum árum síðan."

### Við eigum enn helling inni

Með sigrinum á Frakklandi á laugardag tryggðu Íslendingar sér efsta sæti riðilsins. Leikurinn gegn Bretum varð því þýðingarlaus.

Guðmundur segir að við slíkar aðstæður geti verið erfitt að mæta af fullum krafti í leik sem þennan. „Ég hef samt engar áhyggjur af þessum leik því við höfum verið að spila vel og bæta okkur heilmikið á milli leikja. Við eigum samt helling inni og verkefnið verður skemmtilegt á miðvikudaginn."

Guðjón Valur segir að leikurinn á morgun sé sá leikur sem allir hafi verið að bíða eftir. „8. ágúst. Það er dagsetningin sem við erum búnir að vera með í kollinum síðan að leikjafyrirkomulagið var gefið út. Næsti leikur er það eina sem skiptir máli í dag og menn verða að vera klárir."

### Íslendingar í gullbaráttu

Ungverjar höfðu í gærmorgun betur gegn Serbum í hreinum úrslitaleik um hvort liðið kæmist áfram í fjórðungsúrslit og í leikinn gegn Íslandi. Laszlo Nagy, leikmaður Barcelona, er kominn aftur í lið Ungverja og hann gegndi lykilhlutverki í ógnarsterkum varnarleik Ungverjalands sem tryggði liðinu sigurinn í gær. Hann á von á erfiðum leik við Ísland.

„Ísland hefur spilað mjög vel á þessu móti. Liðið verst vel og er með góðan markvörð – reyndar eru tveir mjög sterkir leikmenn í öllum stöðum," sagði hann.

Lajos Mocsai, landsliðsþjálfari Ungverja, tók í svipaðan streng í viðtali við Fréttablaðið.

„Ég ber mikla virðingu fyrir Íslandi. Ég gjörþekki þetta lið og leikmenn þess enda hefur liðið verið með á mörgum stórmótum og alltaf staðið sig vel. Eins og liðið er að spila í dag þá eru þeir sigurstranglegir – ekki bara gegn okkur heldur á öllu mótinu."

eiríkur@frettabladid.is





Við bjóðum
góða þjónustu

REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA

Íslandsbanki,
stoltur stuðningsaðili í 15 ár



PISTILLINN Eiríkur Stefán Ásgeirsson

# Með höfuðið hátt og kassann úti

„Nú þurfum við að gera eitthvað sem hefur ekki gerst oft í sögu íslenska landsliðsins. Að vera með kassann úti eftir að hafa náð efsta sæti riðilsins en samt haldið áfram á réttri braut. Nú verður það bara að koma.“

Þetta sagði Ólafur Stefánsson, landsliðsfyrirliði, í viðtali við mig eftir sigurinn stórbrotna á Frökkum á laugardaginn. Hann fagnaði með strákunum eftir leikinn en passaði vel upp á að vera með báða fætur pikkfasta á jörðu niðri. Hann leyfði sér varla að brosa.

Það gerði hann þrátt fyrir að við höfðum unnið heims- og Ólympíumeistarana og eitt besta handboltalandslið sögunnar. Þrátt fyrir að við unnum Frakka, liðið sem tók af okkur gullið í Peking og úrslitaleikinn á EM 2010 í Austurríki.

Þetta sagði Ólafur vegna þess að hann vill meira en að vinna bara einn leik gegn Frökkum sem gefur tvö stig í riðlakeppni. Hann ætlar sér og íslenska landsliðinu svo miklu meira en það.

Auðvitað er það frábært að fara í gegnum riðlakeppni á Ólympíuleikum með 100 prósent sigurhlutfall. Hver hefði þorað að spá því á opinberum vettvangi fyrir tveimur vikum síðan? Mér er til efs að þeir séu margir.

Við skulum samt ekki gleyma því að við unnum líka alla leiki okkar í riðlakeppninni á HM í Svíþjóð árið 2011. Eftir riðlakeppnina töpuðum við öllum okkar leikjum og enduðum í sjötta sæti keppninnar. Sannarlega góður árangur og nóg til að koma okkur í undankeppni Ólympíuleikanna sem mörg ógnarsterk evrópsk landslið misstu af. En það var enginn ánægður með seinni vikuna í Svíþjóð.

Það er hægt að fara enn lengra aftur í tímann – aftur til ársins 1997 þegar HM var haldið í Kumamoto í Japan. Ísland tapaði einum leik allt mótið en það var eini leikurinn sem Ísland mátti einfaldlega ekki tapa – gegn Ungverjalandi í 8-liða úrslitum. Ólafur Stefánsson skoraði fjögur mörk í leiknum og er sá eini úr því liði sem er enn að spila með landsliðinu.

Nú, fimmtán árum síðar, eru aðstæðurnar þær sömu. Á morgun mætum við Ungverjum í fjórðungsúrslitum í leik þar sem einfaldlega allt er undir. Sigurvegarinn spilar um verðlaun en tapliðið heldur tómhent heim á leið.

Sviðið er tilbúið, svo vísað sé í þekktan enskan íþróttafrasa. Strákarnir gerðu þetta eins auðvelt fyrir sig og mögulegt er með því að vera búnir að tryggja sér sigurinn í riðlinum áður en hann kláraðist og fá þar með liðið með lakasta árangurinn úr hinum riðlinum. Það var ekki hægt að biðja um meira.

Strákarnir fara fullir sjálfstrausts í þetta verkefni en um leið minnugir þess að handboltalandsliðið hefur áður fallið við álíka hindrun. Þeir vita það best sjálfir að þessi frábæri sigur á Frökkum á laugardaginn verður fljótur að gleymast ef þeir fylgja honum ekki eftir á morgun. Strákarnir ætla að mæta til leiks gegn Ungverjum með höfuðið hátt og kassann úti, en þó með þessi lokaorð Ólafs að leiðarljósi. „Ein sekúnda af vanmati væri stórskaðleg. Það yrði bara okkar dauði.“



# ÉG ER ENN NÚMER EITT

**Usain Bolt bætti Ólympíumetið í 100 m hlaupi á leikunum í London um helgina. Hann vann magnað afrek og sýndi umheiminum að hann er enn fótfráasti maður heims. Bolt lék eftir afrek Carl Lewis frá leikunum árið 1988.**

**ÓL 2012** Heimsbyggðin hélt í sér andanum í þær tæpu tíu sekúndur sem það tók Bolt að hlaupa 100 metra hlaup karla á Ólympíuleikvanginum í London á sunnudagskvöldið. Bolt vann gull með því að hlaupa á 9,63 sekúndum og bætti þar með Ólympíumetið sem hann setti í greininni í Peking fyrir fjórum árum síðan.

Það var þó fimm hundraðshlutum úr sekúndu frá metinu ótrúlega sem hann setti á HM í Berlín árið 2009.

Andrúmsloftið á leikvanginum var magnað og varð eftirvænting áhorfenda sífellt meiri eftir því sem leið á kvöldið. Þeir 80 þúsund manns sem fengu að berja þennan viðburð eigin augum fögnuðu í hvert sinn sem Bolt lét sjá sig á vellinum, þó ekki bara nema til að hita upp.

Margir höfðu þó spáð því að Yohan Blake, landi Bolt og æfingafélagi hans, myndi skáka honum í þetta skiptið. Blake hljóp á 9,75 sekúndum og varð annar. Bandaríkjamaðurinn Justin Gatlin fékk brons en hann var á 9,79 sekúndum.

Með sigrinum varð Bolt aðeins annar maðurinn í sögunni til að verja Ólympíutitil sinn í 100 m spretthlaupi. Hinn var Carl Lewis sem vann gull árið 1984 og 1988 en í síðara skiptið var honum dæmdur sigur eftir að Ben Johnson féll á lyfjaprófi.

Bolt er eini frjálsíþróttamaðurinn sem kemst á lista 100 tekjuhæstu íþróttamenn heims og eru vinsældir 100 m hlaupsins í sérflokki. Þrátt fyrir vinsældirnar segist Bolt ekki vera nein íþróttagoðsögn. „En með þessu gulli er ég einu skrefi nær því,“ sagði hann. „Þetta var bara eitt skref. En ég á eftir að taka þátt í 200 m hlaupinu og hlakka ég til þess.“




**ÓLYMPÍUMET** Usain Bolt gaf allt sem hann átti í sprettinn sinn og kom í mark á 9,63 sekúndum – nýju Ólympíumeti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bolt sagði enn fremur að sigurhlaup hans hafi ekki verið fullkomið. „Byrjunin var ekki fullkomin en ég vissi að mér myndi ganga vel eftir fyrstu 50 metrana. Ég hljóp bara eins og ég gat.“

Úrslitin í 200 m hlaupi ráðast á fimmtudagskvöldið og er búist við annarri baráttu á milli þeirra Bolt og Blake.

Báðir eru miklir skemmtikraftar og þeir drukku í sig stemninguna á sunnudagskvöldið. Þeir elska sviðsljósið og tóku sér drjúgan tíma til að ganga sigurhring um völlinn og baða sig í sigurljómanum.

Það sem stendur þó upp úr er að Bolt sýndi svo ekki væri um villst að hann væri enn sá besti í greininni og enn fljótasti maður heims. Það undirstrikaði hann um helgina.

„Margir sögðu að ég myndi ekki vinna. Það var margt látið flakka. Það var því frábær tilfinning að koma hingað í kvöld og sýna heiminum að ég væri enn sá besti – númer eitt,“ sagði Bolt.

eirikur@frettabladid.is




Hlaupum til góðs

Á hlaupastyrkur.is getur þú safnað áheitum frá vinum og vandamönnum til stuðnings góðgerðafélagi að eigin vali. Láttu gott af þér leiða á hlaupum.

Skráning hafin á maraþon.is

Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka verður að morgni menningarnætur þann 18. ágúst. Vegalengdir við allra hæfi og hægt að fara heilt maraþon í boðhlaupi með 2-4 þátttakendum.



Íslandsbanki

> **Stöð 2 Sport kl. 21.00**

***Logi Bergmann og Þorsteinn Hallgrímsson stýra þættinum Tvöfaldur skolli á Stöð 2 Sport. Þar skoða þeir golfíþróttina frá ýmsum skemmtilegum sjónarhornum, bjóða upp á fyrsta flokks golfkennslu og fjalla um golfvelli og áhugaverða einstaklinga sem tengjast íþróttinni á einn eða annan hátt.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BIRGIR ÞÓR HARÐARSON ÓLYMPÍAR

# *Sundfólkið okkar eru hetjur*

Um þessar mundir fara Ólympíuleikarnir í Lundúnum. Um þá er fjallað í öllum fjölmiðlum landsins og fá leikarnir vitanlega heilmikið pláss þar enda fátíður atburður.

Ég æfði sund í ein tíu ár áður en ég hætti við sextán ára aldur. Fyrri hluta sundferils míns hélt ég að einhvern tímann myndi ég komast á Ólympíuleika.

Ég setti jafnvel markið á Lundúnir í ár. Þegar ég komst loks í úrvalsflokk sundfélagsins míns og áttaði mig á hversu mikla vinnu ég þyrfti að leggja í sundferil minn til þess að komast á leikana gafst ég hreinlega upp. Mér þótti það, og þykir það reyndar enn, ómennskt að æfa ellefu sinnum í viku, þrjá tíma í senn, til þess eins að keppa meðal þeirra bestu hér á landi.



Ég vil því benda á að ekki má gleyma því í umræðunni um leikana að íslensku sundmennirnir hafa æft eins og óðir væru frá blautu barnsbeini.

Það er auðvelt að liggja uppi í sófa, fylgjast með krökkunum leggja hart að sér til þess eins að komast ekki í milliriðla og gagnrýna það svo fyrir að vera ekki í nógu góðu formi. Það er eiginlega ekki sanngjarnt.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Þjóðlagahátíðin á Siglufirði **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Leyndardómar býflugnanna **15.25** Í garðinum **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Bankað upp á **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tríó **19.40** Náttúrupistlar **20.00** Leynifélagið **20.30** Útvarpsleikhúsið: Hulin augu **21.10** Íslendingasögur **21.30** Kvöldsagan: Þrítugasta kynslóðin **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fimm fjórðu **23.05** „Bonjour Mademoiselle Vigdís!" **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**09.00 ÓL2012: Frjálsar íþróttir**
**12.00 ÓL2012**
**13.00 ÓL2012: Fimleikar**
**16.00 ÓL2012: Strandblak**
**17.00 ÓL2012: Strandblak**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Fréttir og veður**
**18.20 ÓL2012: Frjálsar íþróttir**
**20.30 Litbrigði lífsins** (6:10) (Lark Rise to Candleford) Myndaflokkur frá BBC byggður á skáldsögum eftir Floru Thompson sem segja frá lífinu í sveitaþorpunum Lark Rise og Candleford í Oxfordskíri upp úr 1880. Aðalpersónan er ung kona, Laura Timmins, og á lífi hennar og fólksins í kringum hana eru að verða miklar breytingar. Í helstu hlutverkum eru Olivia Hallinan, Julia Sawahla, Dawn French, Liz Smith og Brendan Coyle.
**21.25 Gulli byggir – Í Undirheimum** Gunnlaugur Helgason fjallar um viðhald húsa og kennir réttu handtökin.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Veðurfréttir**
**22.30 Leyndardómur hússins** (4:5) (Marchlands) Breskur myndaflokkur í fimm þáttum um þrjár fjölskyldur sem búa í sama húsinu árið 1968, 1987 og í nútímanum. Dularfullt lát ungrar telpu tengir sögu fjölskyldnanna saman. Meðal leikenda eru Alex Kingston, Dean Andrews og Shelley Conn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.15 Popppunktur** (5:8) (Stóriðja - Náttúra) (e)
**00.15 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Someone Like You**
**10.00 Wedding Daze**
**12.00 Sammy's Adventures**
**14.00 Someone Like You**
**16.00 Wedding Daze**
**18.00 Sammy's Adventures**
**20.00 Knight and Day**
**22.00 Death Proof**
**00.00 Julia**
**02.20 Turistas**
**04.00 Death Proof**
**06.00 Jesse Stone: Thin Ice**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.50 Malcolm in the Middle** (10:25)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (117:175)
**10.20 The Wonder Years** (12:24)
**10.50 How I Met Your Mother** (1:24)
**11.20 The Amazing Race** (8:12)
**12.10 Hot In Cleveland** (8:10)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol** (35:40) (36:40)
**15.00 Sjáðu**
**15.30 iCarly** (9:45)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (8:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Simpson-fjölskyldan**
**19.35 Arrested Development 3** (11:13)
**20.00 Two and a Half Men** (24:24)
**20.25 The Big Bang Theory** (15:24)
**20.45 How I Met Your Mother** (18:24)
**21.10 Bones** (6:13)
**21.55 Girls** (9:10) Gamanþættir um vinkvennahóp á þrítugsaldri sem býr í New York og fjalla um aðstæður þeirra, samskiptin við hitt kynið og margt fleira.
**22.25 Weeds** (3:13) Gamanþættir um ekkjuna úrræðagóðu, Nancy Bowden, sem ákvað að hasla sér völl sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu.
**22.55 The Daily Show: Global Edition** (25:41)
**23.20 2 Broke Girls** (13:24)
**23.40 Up All Night** (1:24)
**00.05 Drop Dead Diva** (9:13)
**00.50 True Blood** (2:12)
**01.45 The Listener** (1:13)
**04.10 Love Bites** (5:8)
**04.55 Hung** (6:10)
**05.25 How I Met Your Mother** (18:24)
**05.50 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.00 Liverpool - Birghton** Útsending frá leik í 5. umferð ensku FA bikarkeppninnar.
**19.45 Pepsi-mörkin**
**21.00 Tvöfaldur skolli** Skemmtilegur golfþáttur þar sem Logi Bergmann og Þorsteinn Hallgrímsson skoða golfíþróttina frá ýmsum sjónarhornum.
**21.40 Man. City - Man. Utd.** Útsending frá leik um Samfélagsskjöldinn á Wembley.
**23.30 Chelsea - Leicester** Útsending frá leik í 8 liða úrslitum ensku FA bikarkeppninnar.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.55 Arsenal - Stoke**
**19.40 PL Classic Matches: Wimbledon - Newcastle, 1995**
**20.10 Premier League World 2012/13** Skemmtilegur þáttur þar sem stjörnurnar í ensku úrvalsdeildinni eru heimsóttar og fjallað er um líf leikmanna innan sem utan vallar.
**20.40 Chelsea - Liverpool**
**22.25 Fulham - Man. Utd.**

## EXTRA

**19.30 Doctors** (5:175)
**20.15 Hawthorne** (5:10)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Glee** (17:22)
**22.30 Suits** (9:12)
**23.15 Pillars of the Earth** (1:8)
**00.15 Who Do You Think You Are? US** (1:7)
**01.00 Hawthorne** (5:10)
**01.45 Íslenski listinn**
**02.10 Sjáðu**
**02.35 Doctors** (5:175)
**03.20 Fréttir Stöðvar 2**
**04.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.20 Pan Am** (2:14) (e)
**17.10 Rules of Engagement** (3:15) (e)
**17.35 Rachael Ray**
**18.20 Live To Dance** (6:8) (e)
**19.10 America's Funniest Home Videos** (31:48) (e)
**19.35 Mad Love** (6:13) (e)
**20.00 Will & Grace** (13:24) (e)
**20.25 Cherry Goes Dieting** Kannanir sýna að um 37% kvenna í Bretlandi eru yfirleitt í megrun. Cherry Healy, sem hefur prófað alla megrunarkúra, fer á stúfana og kannar þessa líkamsfituáráttu.
**21.10 Design Star** (6:9)
**22.00 Unforgettable** (16:22) Bandarískir sakamálaþættir um lögreglukonuna Carrie Wells sem glímir við afar sjaldgæft heilkenni sem gerir henni kleift að muna allt sem hún hefur séð eða heyrt á ævinni. Lögreglan rannsakar þegar lík finnst á ruðningsvelli en henni kemur ekki heim og saman hvers vegna fórnarlambið fannst á þeim stað.
**22.45 Jimmy Kimmel** (e)
**23.30 Crash & Burn** (2:13) Spennandi þættir um rannsóknarmanninn Luke sem eltir uppi tryggingasvindlara. Fortíðin eltir Jimmy Burn sem lendir í klípu vegna gamalla skuldbindinga sem tengjast tryggingamálum.
**00.15 CSI** (2:22) (e)
**01.05 Teen Wolf** (9:12) (e)
**01.55 Unforgettable** (16:22) (e)
**02.45 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** World Golf Championship 2012 (1:4) **12.10** Golfing World **13.00** World Golf Championship 2012 (2:4) **17.05** PGA Tour - Highlights (29:45) **18.00** Golfing World **18.50** PGA Championship 2011 (4:4) **00.05** Golfing World **00.55** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**06.20** ,Allo ,Allo! **06.55** My Family **07.55** Dalziel and Pascoe **09.35** Deal or No Deal **10.15** EastEnders **10.45** Extreme Makeover: Home Edition **11.30** QI **12.30** ,Allo ,Allo! **13.40** My Family **14.40** Top Gear **15.35** QI **16.35** Extreme Makeover: Home Edition **17.20** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** Nighty Night **21.45** Live at the Apollo **22.29** Top Gear **23.15** The Graham Norton Show **23.59** Nighty Night **01.00** Live at the Apollo

## DR 1

**06.15** Garfield **06.25** SommerSummarum **07.30** OL 2012 **08.55** OL 2012 **10.00** OL 2012 **13.00** OL 2012 **15.30** OL 2012 **16.30** TV Avisen **17.00** OL 2012 **18.00** Hammerslag **18.30** So F***ing Special **19.00** TV Avisen **19.30** Undercover chef **20.00** OL 2012 **21.00** Flammer **22.35** Damages **23.15** Damages **00.00** Arvingen til Glenbogle **04.00** Noddy **04.10** Sprutte-Patruljen **04.20** Kære Sebastian **04.50** Olivia **05.00** Snip Snap Snude **05.20** Olivia **05.30** Trolderi **06.00** SommerSummarum **06.05** Garfield

## NRK 1

**07.00** OL morgen **07.30** OL i London **09.00** OL i London **10.00** NRK nyheter **10.05** OL i London **12.25** OL i London **13.00** NRK nyheter **13.05** OL i London **14.00** OL i London **15.00** NRK nyheter **15.10** OL i dag **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** OL i London **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** OL-studio med Anne Rimmen **18.00** OL i London **18.30** OL-studio **19.30** OL i London **21.00** Kveldsnytt **21.15** Extra-trekning **21.20** London by night **22.05** OL i London **23.35** OL i London

## svt1

**07.30** OS Magasin. London Live **08.00** OS i London **11.00** OS i London **13.00** OS i London **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** OS i London **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Allsång på Skansen **19.00** OS i London **20.45** OS Magasin. London Live **21.15** OS i London **23.00** OS i London **03.30** OS i London **04.00** Rapport **04.05** Regionala nyheter **04.25** Gomorron Sverige

## iNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |






# Láttu draumagarðinn verða að veruleika

## Pantaðu landslagsráðgjöf í dag!

Halla Hrund Pétursdóttir, landslagsarkitekt FILA, hjálpar þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar í síma

# 4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

STEYPUSTÖÐIN Sterkari lausnir

Hringhellu 2 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8 800 Selfoss | Malarhöfða 10 110 Reykjavík | Berghólabraut 9 230 Reykjanesbær | Sími 4 400 400 www.steypustodin.is



Almería
Tenerife
SALAN HEFST í dag, 7. ágúst kl. 12:00
24 KLST
SÓLARHRINGUR SUMARFERÐA
HEFST Í DAG, 7. ÁGÚST KL. 12:00!
Ódýrustu sætin bókast fyrst!
Verðdæmi: Vika til Almería | ALLT INNIFALIÐ!
frá 96.900 kr.*
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með öllu inniföldu á hotel Colonial Mar. Brottför: 21. ágúst. Verð frá 119.640 kr m.v. 2 fullorðna.
Verðdæmi: Vika til Tenerife
frá 76.942 kr.*
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi á Parque de las Americas. Brottför: 29. ágúst. Verð frá 89.885 kr m.v. 2 fullorðna.
Sólarhringstilboð á sumaráfangastaði Sumarferða
Nú gefst tækifæri á að bóka sólarlandaferð í sumar á frábæru verið í einn sólarhring! Sólarhringurinn hefst í dag, stundvíslega kl. 12:00. Vertu í viðbragðstöðu því ódýrustu sætin bókast fyrst!
Nánar á sumarferðir.is
SUMAR FERÐIR
... eru betri en aðrar

**GOTT Á GRILLIÐ**



*„Ég vil eitthvað sem er með púls og smakkast eins og kjúklingur. Fermingartyppi eru fyrir krakka og meyjarynd fyrir fullorðna. Svo fólk skilji hvað ég er að tala um þá eru þetta pylsur og bjúgur. Ekki má gleyma kartöfluströppunni.“*

Georg Erlingsson Merritt, skipuleggjandi Draggkeppni Íslands.

# Færir frændum vettlinga frá mömmu

Sjónvarps- og útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson er staddur í Kanada um þessar mundir þar sem hann er við tökur á nýjum sjónvarpsþætti. Á ferðalagi sínu hefur Andri Freyr kynnst ýmsum kynlegum kvistum og lent í skemmtilegum uppákomum.

Andri Freyr og félagar hafa frá 24. júlí ferðast um Minnesota, Fargo og Norður-Dakóta í Bandaríkjunum og eru nú staddir í Kanada þar sem þeir munu heimsækja Gimli, Winnipeg og Riverton í Manitoba. Sjónvarpsmaðurinn fór ekki tómhentur til Vesturheims heldur hlaðinn gjöfum og hafa heimaprjónaðir ullarvettlingar vakið mesta lukku.

„Ég er með fullt af gjöfum; dót eftir Hugleik Dagsson, bækur frá JPV og svo henti Smekkleysa í mig nokkrum vel völdum titlum. Mamma blessunin prjónaði svo fullt af vettlingum sem



**KÁTUR Í KANADA** Andri Freyr Viðarsson tekur hér lagið með vesturíslensku stúlknasveitinni Mise en Scene.

ég átti að færa frændum okkar í vestri. Það hafa allir verið mega-sáttir við gjafirnar og þá sérstaklega vettlingana frá mömmu. Það er samt hálf skrítið að afhenda fólki ullarvettlinga í þrjátíu stiga hita,“ segir Andri.

Andri ferðast um á Chevrolet Silverado pallbíl og gistir annaðhvort í heimahúsum eða á hótelum á meðan á ferðalaginu stendur. „Allar gistingarnar eru góðar, þó misgóðar. Ég hef sofið á stofugólfum og á glæsihótelum. Stofugólfin koma einfaldlega til út af því að fólk vill ekki sleppa okkur frá sér, sem er skemmtilegt.“

Inntur eftir því hvað hafi komið honum mest á óvart við heimsóknina til Ameríku segir Andri það vera hjálpsemi heimamanna og kanadísk matargerð. „Þeir eru sérstaklega hjálpsamir og almennilegir, það er að segja í sveitum landsins. Það kom mér líka á óvart hversu margir tala íslensku en hafa aldrei heimsótt Ísland. Svo er maturinn í Kanada æðislegur.“

Sýningar hefjast í Sjónvarpinu þann 13. september. **- sm**






**SKEMMTILEG HÖNNUN** Hjónin Fabio Del Percio og Anna Giudice hanna fallega púða sem fylltir eru með íslensku heyi.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON

**FABIO DEL PERCIO:** BÓNDINN VARÐ SVOLÍTIÐ HISSA Á BÓNINNI

# Hannar púða og sessur sem fylltar eru með heyi

Fabio Del Percio flutti til Íslands ásamt konu sinni, Önnu Giudice, eftir að hafa heimsótt landið nokkrum sinnum. Hjónin hanna sessur og „grjóna“púða sem fyllt er með íslensku heyi auk þess sem þau selja ítalska hönnun í verslun sinni í Bergstaðastrætinu.

Að sögn Fabio reka forvitnir vegfarendur oft nefið inn á vinnustofu þeirra hjóna til að komast að því hvað þau eru að framleiða úr heyinu. Hugmyndina að sessunum og púðunum segist hann hafa fengið frá uppeldisárum sínum á ítölskum sveitabæ.

„Ég byrjaði að hanna fyrir um tuttugu árum síðan á Ítalíu og vann einnig um hríð sem bólstrari. Hugmyndin um að nota hey sem fyllingu er komin frá uppeldisárum mínum á Ítalíu en ég ólst upp á sveitabæ og í gamla daga var hey gjarnan notað í dýnur,“ segir Fabio og bætir við: „En útlit púðanna er innblásið af Íslandi.“

Tvö ár eru síðan Fabio byrjaði að þróa hugmyndina að púðunum en hann kaupir heyið frá sauðfjárbónda á Reykjanesinu. Inntur eftir því hvort það hafi komið umræddum bónda á óvart í hvað heyið væri notað segir Fabio svo vera. „Hann varð svolítið hissa á bóninni og rak upp stór augu þegar hann sá vöruna.“

Í áklæðið notar Fabio annaðhvort vínyl eða endurunnið plast og því henta húsgögnin vel í garða eða á svalir þar sem þau eru vatnsheld. Að auki má greina lyktina af heyinu í gegnum áklæðið og því mætti segja að Fabio og Anna færi fólki svolítið af sveitinni heim í stofu. Hjónin eru alflutt til landsins og kveðst Fabio ánægður með lífið á Íslandi. „Við erum komin til að vera og erum mjög hrifin af borginni og íslenskri menningu.“

Aðspurður þvertekur hann þó fyrir að íslenskt veðurfar sé of kalt fyrir Ítala.

Áhugasamir geta skoðað púðana á vefsíðunni hver-design.com. **sara@frettabladid.is**

# Sýnir ljósmyndir í Sjanghæ

„Ég gerði samning við þá og þetta er fyrsta sýningin af framtíðarsamstarfi,“ segir ljósmyndarinn Egill Bjarki Jónsson sem opnaði sína fyrstu sýningu og gaf út bók í Sjanghæ laugardaginn 21. júlí. Sýningin fangar ljósmyndun hins víðförla Egils en myndirnar eru frá Íslandi, Noregi, Danmörku og Sjanghæ.

Egill hefur starfað sjálfstætt í stórborginni frá byrjun febrúar og er sýningin upphaf að samstarfi hans við sýningarstjórann Julian Ramirez Rentero í galleríinu Moproo í M50 listamannahverfinu. „Hann mun senda myndir frá mér í ljósmyndakeppni fyrir listamenn sem eru með samning við gallerí.“

Nýútgefna bókin er í raun kassi með ljósmyndaseríum Egils af blómum og ruðningsköppum. „Hún hefur aðeins meira notagildi en bók því fólk getur tekið mynd og sett í ramma,“ segir hann. „Annar sýningastjóri vill núna fá mig til að halda sýningu í stærra gallerí,“ segir hann um viðtökur sýningarinnar. Egill útskrifaðist úr ljósmyndunarnámi Medieskolerne í Viborg vorið 2010. „Ég ætlaði að reyna fyrir mér í Danmörku en þar var ekki rétta andrúmsloftið. Við höfðum verið í Kína árið 2008 og ákváðum að taka annað Kína á þetta,“ segir Egill um ákvörðun hans og kærustunnar. „Þetta er mjög stór borg og mikið af verkefnum svo ég þrífst mjög vel hérna.“

Aðalsvið Egils eru portrettmyndir en hann hyggst færa sig yfir í auglýsingaljósmyndun og fagnar því að geta sérhæft sig innan auglýsingageirans í Sjanghæ.

Þessa stundina er hann að vinna ýmis sjálfstæð verkefni, þar á meðal fyrir þýska viðskiptablaðið Wirtschaftswoche og viðskiptavinablað Lufthansa. „Núna er ég samt að byrja að einbeita mér meira að persónulegum verkefnum,“ segir hann. Sýningin stendur til 25. ágúst. **-hþt**



**MYNDIR OG BÓK** Egill Bjarki hefur starfað sem ljósmyndari í Sjanghæ frá byrjun febrúar. Hann opnaði fyrstu sýninguna sína og gaf út bók 21. júlí síðastliðinn.

www.dominos.is sími 58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S 1.000KR.

Þegar þú sækir miðstærð af pizzu með þremur áleggstegundum.



Það er fljótlegt og einfalt að panta pizzu með Domino's appinu

Nánar á dominos.is/app




FÍTON / SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Bauð í rándýra íbúð

Listamaðurinn **Snorri Ásmundsson** gerði tilboð í eina dýrustu íbúð í Manhattan-hverfinu í New York. Um er að ræða þakíbúð í þessu vinsæla hverfi en íbúðin fæst keypt fyrir 100 milljónir dollara, eða því sem samsvarar um 12 milljörðum króna. Tilboð Snorra hljóðar upp á 109 milljón dollara en einn hængur er þó á því listamaðurinn hyggst borga 25 dollara á dag næstu 12.000 árin. Snorri bíður nú eftir svari frá fasteignasölunni en ólíklegt hlýtur að teljast að tilboði hans verði tekið.



### Fjör um helgina

Fjöldi fólks lagði leið sína út á land til að skemmta sér á hinum ýmsu útihátíðum um verslunarmannahelgina. Auðunn Blöndal og fótboltamaðurinn **Hermann Hreiðarsson** voru á meðal þeirra sem skelltu sér til Vestmannaeyja en þar voru einnig Einar Bárðarson, einnig þekktur sem umboðsmaður Íslands, og vaxtarræktartröllið Maggi Bess. Rithöfundurinn Tobba Marinós átti aðeins rólegri helgi á Flúðum með sambýlismanni sínum, Karli Sigurðssyni borgarfulltrúa. Útvarpsmaðurinn Ólafur Páll Gunnarsson sást horfa á leik í mýrarbolta á Ísafirði og kokkurinn Hrefna Rósa Sætran sótti tónleika með harðkjarnasveitinni Mínus á skemmtistaðnum Dillon.



- sm, - sm

### Mest lesið vísir

1. Mesta tæknifrek mannkyns í nánd
2. Innbrotsþjófur gripinn glóðvolgur
3. Curiosity lenti heilu og höldnu á Mars
4. „Ég er hrædd um börnin mín"
5. Ronan Keating sáttur eftir Þjóðhátíð
6. Ronan Keating söng fyrir þjóðhátíðargesti




